

# FJÖLMIDLAVAKTIN

AUGU OG EYRU ÍSLENSKS ATVINNULIFS

## Ljósvakahandrit 15.11.97

rékisútvarpíð 19:00

### Landsfundur Kvennalistans

Brynhildur Flovenz varpaði því fram á landsfundi Kvennalistans í dag hvort rétt væri að leggja niður jafnréttisráð og að önnur og mun valdameiri stofnun kæmi í hennar stað.

Landsfundur Kvennalistans hófst í morgun. Fyrir liggur að ágreiningur er innan listans um hvernig eða hvort hann eigi að koma að sameiningarmálum vinstri manna. Fyrir fundinum liggur það sem kallað er ávarp til kvennalistakvenna og undirritað er af óskilgreindum hópi sem kallar sig hóp kvenfrelsiskvenna. Í ávarpinu segist þessi hópur ósáttur við að listinn stilli sér upp við hlið svokallaðra vinstri flokka, eins og það er orðað, og hópurinn vill ekki að Kvennalistinn verði hluti af kratasamsteypu og miðjumoði. Fram kom hjá Guðný Guðbjörnsdóttur, þingkonu listans, í hádegisfréttum Útvarpsins, að það bíði næsta landsfundar að ákveða hvort listinn taki þátt í hugsanlegri samfylkingu félagshygguflanna en á þessum fundi á að taka afstöðu til þeirrar spurningar hvort Kvennalistinn með leyfi landsfundar hans eigi að taka þátt í viðræðum um samfylkingu. Allt þetta kemur betur í ljós á morgun þegar tekin verða á dagskrá mál tengd sveitarstjórnarkosningum á næsta ári og

Alþingiskosningunum 1999. En í dag bar hæst á fundinum erindi þeirra Brynhildar Flovenz sem bar jafnréttislöggjöfina saman við samkeppnislögin og Ásdísar Olsen sem fjallaði um þá spurningu hvort fjölmíðlar væru fyrir alla. Brynhildur Flovenz sagði í sínu erindi m.a. að þær stofnanir sem framfylgja eiga jafnréttislögum skorti til þess vald. Og hún varpaði því fram hvort leggja bæri jafnréttisráð niður. Af hverju?

*Brynhildur Flovenz: Við höfum verið að velta þeirri hugmynd upp hvort að skrifstofa jafnréttismála ætti ekki að heyra beint undir Alþingi svipað kannski og Ríkisendurskodun, vera svona stofnun sem hefði mjög virkt eftirlit. Kærunefnd starfaði áfram að visu og hún hefði mjög aukið vald þannig að úrskurðir hennar hefði meira vægi væru bindandi fyrir aðila en ekki bara álit eins og nú er.*

*Kristján Kristjánsson: Hversu mikið vald á þessi stofnun að*

*hafa?*

*Brynhildur Flovenz: Hún á að hafa umtalsvert vald. Hún á að hafa vald svo sem eins og hún hefur kannski að sumu leyti í dag, hafa vald til að grípa inní og afla upplýsinga um ástand mála viðs vegar í þjóðfélaginu. Hún á líka að láta fylgja eftir jafnréttislögunum, ætti að geta gripið inní hjá fyrirtækjum, skoðað stöðuna þar, hvernig er launamálum háttar, hvernig er stöðuveitingum háttar og haft svona almennt eftirlit með því að þessum lögum sé framfylgt.*

*Kristján Kristjánsson: Þú tengdir þarna saman samkeppnislög og jafnréttislög. Í samkeppnislögum er Samkeppnisstofnun leyfilegt að leggja á sektir ef fyrirtæki verða ekki við tilmælum hennar. Kemur eitthvað slíkt til greina?*

*Brynhildur Flovenz: Já, já, að sjálfssögðu kemur það vel til greina í jafnréttismálunum eins og samkeppnismálunum. Frjáls samkeppni er pólitiskt markmið sem að menn vilja vinna að og til þess hafa þeir þessi miklu úrræði og hið sama viljum við gera í jafnréttismálunum. Því að við teljum jafnrétti kynjanna síður en svo minna mikilvægt en frjálsa samkeppni.*

Um 70 konur sitja landsfund Kvennalistans hér að Úlfliðsvanti. Stemningin er fremur friðsamleg og ekki að sjá a.m.k. á yfirborðinu að djúpstæður ágreiningur kraumi undir niðri.

Timi: 3:00

Fréttamaður: Kristján Kristjánsson

---

Ljósvakafréttir eru gefnar út af Miðlun ehf.,  
Tunguhálsi 19, simi: 580-8080, fax: 580-8087.

[ljosvaki@midlun.is](mailto:ljosvaki@midlun.is) <http://www.midlun.is/fjolmidlavaktin/>

Ljósvakahandrit 15.11.97

Stöð 2, 19-20

Beitir sér fyrir jafnréttisstofnun

Kvennalistinn íhugar að beita sér fyrir því að sett verði á fót jafnréttistofnun sem hefði það hlutverk að fylgja jafnréttislögunum eftir. Landsfundur Kvennalistans fer fram nú um helgina í Úlfhljóstsskála í Grafningi. Á morgun dregur til tíðinda þegar lögð verður fram tillaga um að viðræður fari fram á við vinstri flokkanna um samfylkingu í kosningunum í vor, en skiptar skoðanir hafa verið um málið innan Kvennalistans.

Um 70 konur eru mættar til fundarins sem fer fram undir yfirskriftinni: Er vilji fyrir jafnri stöðu kynjanna á Íslandi? Dagskrá fundarins er því sem oft áður að mestu helguð jafnréttisbaráttunni en konur segja að þrátt fyrir ágæta löggjöf sé staða kynjanna langt frá því að getað talist jöfn. Meðal hugmynda sem ræddar hafa verið á fundinum er að sett verði upp sérstök jafnréttisstofnun sem hefði svipað vald og Samkeppnisstofnun og vald til að fylgja eftir jafnréttislögunum. Á morgun er búist við að umræður geti orðið heitar, þegar borin verður fram tillaga um að viðræður fari fram um samfylkingu Kvennalistans með flokkum á vinstri væng stjórmálanna. Kvennalistakonur hafa hingað til verið þess ófúsar að staðsetja sig í litrófi stjórnínna.

*Guðný Guðbjörnsdóttir, alþingismaður: Kannski áherslur okkar hafa oft verið tengdar félagshyggjuflokkunum heldur en þeim sem eru lengst til hægri í íslenskum stjórnínnum. En vissulega, ég held að við bara, myndum ganga til svona samstarfs á grundvelli okkar stefnuskrár og ég er ekki í nokkrum vafa um miðað við bara samvinnuna í Alþingi að það er hægt að ná saman málefnalega ef að vilji er fyrir hendi.*

*Jón Þórðarson: Þú hefur nú verið svona kannski heldur mótfallin því að fara í svona samfylkingu en muntu beygja þig fyrir vilja fundarins?*

*Kristín Ástgeirsdóttir, alþingismaður: Já, ég er andvíg því að ganga til liðs við A-flokkana og ég stend á þeirri skoðun minni, en við skulum bara taka eitt skref í einu og sjá hver niðurstaðan verður og svo kemur í ljós hvert framhaldið*

*verður.*

*Jón: Þú vilt ekki gefa út hvort þú munt fylgja Kvennalistanum  
ef hann fer í samfylkingu við A-flokkanna?*

*Kristín Ástgeirsdóttir: Eitt skref í einu.*

Tími: 2:55

Fréttamaður: Jón Þórðarson

---

Ljósvakafréttir eru gefnar út af Miðlun ehf.,  
Tunguhálsi 19, sími: 580-8080, fax: 580-8087.

[ljosvaki@midlun.is](mailto:ljosvaki@midlun.is) <http://www.midlun.is/fjolmidlavaktin/>

# FJÖLMIDLAVAKTIN

AUGU OG EYRU ISLENSKS ATVINNULÍFS

Ljósvakahandrit 15.11.97

sjónvarpið 20:00

Frá landsfundi Kvennalistans

Jafnréttisumræða og hugsanlegar breytingar á jafnréttislögum voru stóru málin á dagskrá landsfundar Kvennalistans í dag. Andi samstarfs við aðra flokka sveif yfir vötnum á fundinum að mati borgarstjóra.

Fundarstaður landsfundar Kvennalista er í Grafningi og þar var jafnréttisumræðan í algleymingi í dag. Kostir og gallar jafnréttislaganna voru dregnir fram og ræddar raunhæfar leiðir til að efla og styrkja stöðu kvenna t.d. á vinnumarkaði.

Brynhildur Flovenz, lögfræðingur: Nú við leggjum kannski til að í fyrsta lagi þá verði jafnréttisráð eða Jafnréttisstofnun eða hvað við köllum það nú sú opinbera stofnun sem sér um jafnréttismál að hún verði ekki undir framkvæmdavaldinu heldur heyri beint undir Alþingi. Og Alþingi skipi bara forstöðukonu eða forstöðumann þeirrar stofnunar sem síðar ræður sér sitt starfssólk. Sú stofnun verði efld til muna frá því sem skrifstofa jafnréttismála t.d. er í dag.

En framtíð Kvennalistans var líka rædd og sömuleiðis afstaða kennalistakvenna til hugsanlegrar samfylkingar við aðra flokka.

Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir: Hugsanleg samvinna Kvennalistans við aðra flokka. Er það spurning um hvort Kennalistinn lifi af?

Guðný Guðbjörnsdóttir, alþingismaður (V): Ég sé það nú ekki beint þannig, ég hugsa að Kennalistinn lifi af, það er bara spurningin hvort hann verður áfram framboðsafl. Sumar konur vilja bara fara í kennabaráttu aftur í grásrótinu. Ég sé þetta sem stórkostlegt tækifæri núna að Kennalistinn verði aðili að stærra afli.

Jóhanna Vigdís: Stendur Kennalistinn á tímamótum?

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgastjóri ®: Já, ég held að hann geri það tvimælalaust. Og það sem er nú kannski skemmtilegt við þetta er að þessi tímamót virðast hafa hleypt heilmiklu fjöri í pólitiska umræðu í Kennalistanum þannig

*að það er heilmikill áhugi og meiri heldur en verið hefur undanfarin ár.*

*Borgarstjóri segir konurnar fyrst og fremst greina á um leiðir að settu marki.*

*Ingibjörg Sólrún Gísladóttir: Mér finnst nú trúlegt að þær ákveði að fara inn í viðræður við hina flokkana um einhvers konar samstarf og láti á það reyna. Það er svona andi sem mér finnst svífa hér yfir vötnum án þess að ég geti nú neitt fullyrt um það.*

*Sennilega mun koma í ljós á morgun hvaða leið verður farin, hvort kvennalistakonur ætli áfram að vera einar á ferð eða ræða við aðra flokka með sameiginleg framboð í huga.*

Tími: 2:20

Fréttamaður: Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir

---

Ljósvakafréttir eru gefnar út af Miðlun ehf.,  
Tunguhálsi 19, sími: 580-8080, fax: 580-8087.

[ljosvaki@midlun.is](mailto:ljosvaki@midlun.is) <http://www.midlun.is/fjolmidlavaktin/>

Ljósvakahandrit 16.11.97

BYLGJAN 12:00

Kvennalistinn og samstarf við félagshyggju-flokka

Samstarf Kvennalistans við félagshyggju-flokkanna fyrir næstu alþingiskosningar er besta leiðin til að ná fram markmiðum Kvennalistans. Þetta segir Hulda Ólafsdóttir, varaborgarfulltrúi R-listans, sem leggur fram tillögu um slíkt samstarf á landsfundi Kvennalistans.

Alþingiskosningar 1999 og ályktun fundarins eru stóru málin á landsfundinum á Úlfhljótsvatni sem lýkur seinna í dag. Hulda Ólafsdóttir fer fyrir hópi kvenna sem leggja fram tillögu um samstarf við félagshyggjuflokkana og á fundinum í dag hefur hún gert grein fyrir þeim viðræðum sem hópur Kvennalistakvenna hefur átt við félagshyggjuflokkana um hugsanlega samvinnu.

Hulda Ólafsdóttir: Í framhaldi af því að þá mun ég leggja fram tillögu fyrir hönd hópsins um það að það verði allur Kvennalistinn sem að standi óskiptur að þessu samstarfi eða samstarfi um málefagrundvöll.

Hulda sagði tillöguna ekki fela í sér neitt ákveðið um hvaða málefni yrðu sett á oddinn né heldur hvaða form yrði á hugsanlegu samstarfi.

Hulda segist búast við heitum umræðum um tillöguna því vissulega greini Kvennalistakonur á um leiðir. Þær eigi sér hins vegar allar sama markmið, að vinna að auknu kvenfrelsi. Þá sagði Hulda samstarf við aðra flokka alls ekki útloka grásrótarvinnu í anda Kvennalistans. Slík vinna og samstarf gætu farið vel saman.

Tími: 1:40

Fréttamaður: Teitur Þorkelsson

Ljósvakahandrit 16.11.97

Ríkisútvarpið 12:20

### Án samfylkingar líður Kvennalistinn undir lok

Rætt er um viðræður við aðra flokka um sameiginlegt framboð til næstu þingkosninga á landsfundi Kvennalistans, sem nú stendur yfir að Úlfþjótsvatni. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, fyrrverandi þingkona Kvennalistans á Vestfjörðum, telur að listinn muni líða undirloka sem framboðsafl gangi hann ekki til samstarfs við aðra flokka.

Nú standa yfir umræður á landsfundi Kvennalistans um alþingiskosningarnar 1999 og í þeim er reynt að svara þeim spurningum sem heitast brenna á listanum, þ.e. hvort hann eigi að veita samþykki sitt fyrir því að listinn í heild taki þátt í viðræðum um hugsanlega samfylkingu vinstri manna. Umræðurnar hófust um klukkan 11 með því að Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, fyrrverandi þingkona listans á Vestfjörðum, flutti eins konar framsögu. Hún minntist á að að allsstaðar væri Kvennalistinn að vinna með öðrum flokkum í sveitarstjórnarmálum og það gegni víða vel. Hún sagðist ekki myndi hvetja til þess að konur biðu fram sérstaka lista við næstu þingkosningar á Vestfjörðum, til þess hefðu þær ekki þrek og að öllu óbreyttu sagðist hún telja að Kvennalistinn myndi ekki fá nema eina til tvær konur á þing á landinu öllu í þingkosningum. Jóna Valgerður, þetta eru nokkuð skýr orð af þinni hálfu, má skilja þau þannig að Kvennalistinn líði undir lok ef hann ekki fylkir sér með þeim flokkum sem nú eiga í sameiningar-eða samstarfsviðræðum?

*Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, fyrrverandi þingkona Kvennalistans: Sem framboðsafl, þá tel ég að ekki þýði fyrir hann að reyna að bjóða fram árið 1999, en hvort Kvennalistinn líður undir lok, er ég ekki tilbúin að samþykka því að ég held að þau málefni sem Kvennalistinn hefur haft á stefnuskrá og haldið fram, þau munu lifa og Kvennalistinn finnur sér hugsanlega einhverja aðra leið heldur en framboðsleiðina en ef að framboðsleiðin á að vera farin, þá held ég, að hann verði að vera í samstarfi við aðra flokka.*

*Kristján Kristjánsson: Þannig að þú munt hvetja eindregið til þess á fundinum?*

*Jóna Valgerður Kristjánsdóttir: Já, ég er búin að gera það og*

*hef reyndar gert það núna undanfarin ár og ég hvet eindregið til þess að þær leiðir séu skoðaðar. Ég er ekki að segja að þær leiði til þeirrar niðurstöðu að við förum í framboð með öðrum flokkum en við eigum að skoða leiðirnar og reyna að koma þeim málum áfram sem að við höfum verið fulltrúar fyrir.*

*Kristján: Nú liggur fyrir fundinum tillaga frá hópi Kvennalistakvenna um að gengið verði til þessa samráðs eða viðræðna um málefnagrundvöll eins og það er orðaða, telurðu að þessi tillaga eigi mikinn hljómgrunn hér á fundinum?*

*Jóna Valgerður Kristjánsdóttir: Það er nú svo með okkur Kvennalistakonur að við erum ekkert að kanna það mikið fyrirfram hvernig landið liggur, það verður bara að fara, koma í ljós hvernig það fer hér á eftir. Ég vona þó að við þurfum ekki að fara að taka það til atkvæðagreiðslu. Við höfum alltaf reynt að leita samkomulags, ég vona að þessi tillaga eigi þann hljómgrunn að hún hafi í raun meirihluta, og þannig verði samkomulag um það að þessi tillaga fari í gegn.*

Umræðum um þetta mál verður framhaldið hér að loknum hádegisverði sem boðaður er klukkan eitt.

Tími: 3:00

Fréttamaður: Kristján Kristjánsson

---

Ljósvakafréttir eru gefnar út af Miðlun ehf.,  
Tunguhálsi 19, sími: 580-8080, fax: 580-8087.

[ljosvaki@midlun.is](mailto:ljosvaki@midlun.is) <http://www.midlun.is/fjolmidlavaktin/>



## Ljósvakahandrit 16.11.97

Ríkisútvarpið 19:00

Kvennalistinn í kreppu

Kvennalistakonur samþykktu á landsfundi sínum í dag með afgerandi meirihluta að listinn gengi til viðræðna um sameiginlegan málefnagrundvöll á vinstri væng íslenskra stjórmála fyrir næstu alþingiskosningar. Andstæðingar tillögunnar sögðu samþykkt hennar harmsögu og alvarlegt skref.

Óhætt er að fullyrða að ágreiningur hafi verið mikill á fundinum og eftir að umræðum um þá tillögu sem fyrir fundinum lá um samþykki listans fyrir þátttöku í viðræðum félagshyggjuflanna um samstarf í alþingiskosningunum 1999 lauk, var samþykktta að greiða atkvæði um tillöguna og þau félru þannig að 38 voru henni samþykkar en 16 andsnúnar. Sex sátu hjá. Atkvæðagreiðslan fór fram eftir að Guðrún Agnarsdóttir, hafði lagt fram sáttatillögu sem engin sátt varð um og hún dró því baka, enda var þá ljóst að ágreiningurinn yrði ekki jafnaður með málamiðlunum. Andstæðingar tillögunnar létu bóka að með samþykkt hennar væri stigið alvarlegt skref og ein fundarkvenna kallaði hana harmsögu. Óvenjulegt er að greidd séu atkvæði um tillögu sem þessa á landsfundi og var nokkur óánægja með það og töldu margar kvennanna það jafngilda því að verið væri að kúga minnihlutann til hlýðni. Hér hjá mér er Guðný Guðbjörnsdóttir, þingkona Kvennalistans, Guðný, þú fórst fyrir samfylkingarsinnum á fundinum, ertu ánægð með niðurstöðuna?

*Guðný Guðbjörnsdóttir, þingkona Kvennalistans: Nei, þetta eru mjög skýr og afgerandi niðurstaða en, og að mínu mati þá ætti hún ekki i raun og veru að leiða til neins klofnings fyrr en hugsanlega á næsta landsfundi, þ.e.a.s. þegar árangur þessa viðræðna er ljós. En sumar kvennanna kusu að líta á þetta sem ögurstundina, sem ég er bara engan veginn sammála.*

*Kristján Kristjánsson: Guðrún Agnarsdóttir sagði fyrr á fundinum að ágreiningurinn væri svo mikill að það gildi í raun einu hvernig atkvæðagreiðslan fær, Kvennalistinn myndi aldrei ganga heill til viðræðna um hugsanlegt samstarf við aðra flokka. Telurðu þetta rétt mat hjá henni?*

*Guðný Guðbjörnsdóttir: Ég geri það ekki. Ég held að það verði bara að koma í ljós, hvað þessar viðræður, hvert þær leiða, og það var t.d. þannig að þegar við klofnuðum í kringum kvennaframboðið, Kvennalistaákvörðunina 1983, að þá voru það margar konur sem ekki gátu sætt við það að Kvennalistinn færí, eða að Kvennalistinn varð til. Síðan komu þær til samstarfs við okkur. Þannig að ég held að það geti enginn svarað þessu á þessari stundu.*

*Kristján: En finnst þér liklegt að þetta hafi engu að síður verið ja, mikilvægur ef ekki afdrifaríkur fundur?*

*Guðný Guðbjörnsdóttir: Ja, sumar konur kjósa líta þannig á það, og ég held að það verði, þetta verði til þess að einhverjar fara út úr Kvennalistanum.*

Í ræðu sinni á fundinum í dag sagði Kristín Ástgeirs dóttir, önnur þingkona Kvennalistans, að hún óskaði samfylkingarsinnum heilla en jafnframt að hún ætti ekki lengur samleið með þeim, Kristín, þýðir þetta að þú sért á leið út úr Kvennalistanum?

*Kristín Ástgeirs dóttir, þingkona Kvennalistans: Þetta verður örlagarík ákvörðun og þarna takast á eins og ég sagði grunvallarsjónarmið og ég mun auðvitað vega og meta mína stöðu í ljósi þeirra niðurstöðu sem hér verður.*

Tími: 4:20

Fréttamaður: Kristján Kristjánsson

---

Ljósvakafréttir eru gefnar út af Miðlun ehf.,  
Tunguhálsi 19, simi: 580-8080, fax: 580-8087.

[ljosvaki@midlun.is](mailto:ljosvaki@midlun.is) <http://www.midlun.is/fjolmidlavaktin/>

# FJÖLMIÐLAVAKTIN

AUGU OG EYRU ÍSLENSKS ATVINNULÍFS

Ljósvakahandrit 16.11.97

stöð 2 19-20

Kvennalistinn

Nokkrar konur íhuga nú alvarlega að segja skilið við Kvennalistann eftir að landsfundur samtakanna samþykkti nú undir kvöld tillögu um að Kvennalistinn taki þátt í viðræðum um sameiginlegan málefnaðagrundvöll með flokkum á vinstri væng stjórmálanna vegna alþingiskosninganna 1999.

Það gekk eftir sem margir höfðu spáð að mikill hiti yrði í umræðum um tillögu hóps kvennalistakvenna sem borin var upp í morgun á síðasta degi landsfundarins. Tillagan gerir ráð fyrir að Kvennalistinn taki þátt í viðræðum um sameiginlegan málefnaðagrundvöll Kvennalista, jafnaðarmanna, Alþýðubandalags og annarra hópa vegna Alþingiskosninganna 1999. Markmið þeirra viðræðna verða af hálfu Kvennalistans að kvenfrelsissjónarmið verði í fyrirrúmi í allri málefnavinnu og svokölluð samþættingaraðferði verði notuð í því skyni. Hópur fundarkvenna taldi sig alls ekki geta fallist á að Kvennalistinn gengi til viðræðna við hina svonefndu A-flokk, töldu að þeir hefðu alls ekki alltaf haft sjónarmið kvenfrelsis og félagshyggju að leiðarljósi og urðu umræður á köflum mjög heitar. Flestar fundarkonur vonuðu fram eftir degi að málamiðlun fengist sem samstaða nædist um en svo fór að lokum að tillaga var borin undir atkvæði með nafnakalli. Atkvæði féllu þannig að 38 konur samþykktu að ganga til þeirra viðræðna sem tillagan gerir ráð fyrir, 16 voru á móti og 6 sátu hjá. Nokkrar konur voru farnar af fundinum og höfðu sumar þeirra skilið eftir atkvæði sín en sátt var um að taka þau atkvæði ekki með. Í ljósi niðurstaðna er ljóst að nokkrar konur íhuga nú alvarlega stöðu sína innan Kvennalistans.

*Kristín Einarsdóttir, fyrrverandi þingmaður: Kvennalistinn komst að ákveðinni málamiðlun níuna í haust og sagði konur innan Kvennalistans geta valið sér ólikar baráttuleiðir en við stöndum allar saman að baki fulltrúum okkar á Alþingi og í sveitarsjórnum. EF þær vilja ekki að við fórum margar leiðir heldur bara þessa einu, vinstri leið, þá þarf ég að hugsa mig vel um.*

*Kristín Ástgeirs dóttir, þingmaður Kvennalistans: Þetta eru mikil tíðindi sem hér eru að gerast og það er búið að*

*samþykkja hér að Kvennalistinn gangi til viðræðna við A-flokkana. Það á eflaust eftir að hafa miklar afleiðingar í för með sér en það verður bara að koma í ljós hverjar þær verða, ég ætla ekkert að segja neitt um það á þessari stundu.*

*Jón Þórðarson: Það skildu margir ræðu þína í dag þannig að þú myndir segja jafnvel skilið við Kvennalistann?*

*Kristín Ástgeirs dóttir: Það er allt .... í þeirri stöðu ég ætla bara að taka mér tíma til þess að hugsa um það hvað best er að gera í stöðunni og við sjáum svo hvað setur.*

Tími: 2:24

Fréttamaður: Jón Þórðarson

---

Ljósvakafréttir eru gefnar út af Miðlun ehf.,  
Tunguhálsi 19, simi: 580-8080, fax: 580-8087.

[ljosvaki@midlun.is](mailto:ljosvaki@midlun.is) <http://www.midlun.is/fjolmidlavaktin/>



## Ljósvakahandrit 16.11.97

Sjónvarpið 20:00

Samþykkir samstarf við aðra flokka

Landsfundur Kvennalista samþykkti nú undir kvöld tillögu um að taka þátt í viðræðum um samstarf við aðra flokka. Harðar deilur voru á fundinum um tillöguna, þar sem fram komu gjörólík sjónarmið.

Tillagan sem borin fram upp í morgun er umfangsmikil. Lagt er til að Kvennalisti taki þátt í viðræðum um sameiginlegan málefnagrundvöll listans, jafnaðarmanna, Alþýðubandalags og annarra hópa, vegna alþingiskosninga árið 1999. Forgangsverkefni þess samstarfs verður samkvæmt tillöggunni, að koma á kvenfrelsi og jafnrétti í reynd.

*Kristín Árnadóttir, aðstoðarkona borgarstjóra: Ég held að sé bara nauðsynlegt fyrir Kvennalistann að taka þátt í þeirri mótnu og endurskoðun á stjórnmálum sem á sér stað núna. Ég lit svo á að þetta sé svona eins konar stjórnarmyndunarviðræður, ef að næst samkomulag milli þeirra sem þarna eru að fara í viðræður sem allir geta sett sig við, þá getur orðið úr frekara samstarfi að ræða, en ef að konum sýnist í þessu tilfelli, Kvennalistakonum sýnist það að þetta sé ekki fýsileg leið, nú þá verður hún ekki fari.*

Andstæðingar tillögunnar eru þó nokkrir. Þingflokkurinn er klofinn í málínu og þær raddir heyrðust á landsfundi í dag að tillagan væri gamaldags, úrelt örþrifaráð sem mundi eyðileggja sérstöðu Kvennalistans.

*Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir: Hvað mælir gegn því að fara í þetta samstarf?*

*Kristín Einarsdóttir, fyrrverandi þingkona Kvennalistans: Kvennalistinn er kvenfrelsishreyfing, og kvenfrelsi er hægt að skilgreina til hægri eða vinstri og ég get ekki fellt mig við það að Kvennalistinn stilli sér upp við hliðina á vinstri flokkunum, því að ég tel að kvenfrelsi eigi sér ótal farvegi og ótal leiðir og það er ekki hægt að samþykka það að Kvennalistinn sé vinstri félagshyggjuflokkur. Kemur ekki til greina af minni hálfu.*

# FJÖLMIÐLAVAKTIN

AUGU OG EYRU ÍSLENSKS ÁTVINNULÍFS

Ljósvakahandrit 16.11.97

Sjónvarpið 20:00

Vilja kvenfrelsissjónarmið sem sterkust

Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir: Guðný Guðbjörnsdóttir, þýðir þetta einfaldlega að tími Kvennalistans er liðin?

Guðný Guðbjörnsdóttir, þingkona Kvennalistans: Ég mundi alls ekki segja það. Ég tel að þarna hafa verið að kristallaserast svona ákveðin viðhorf, alveg síðan um síðustu kosningar og núna tel ég að þessi hópur hann gerir þá tillögu þessa sem núna hefur verið samþykkt á landsfundi, vegna þess að hann vill að kvenfrelsissjónarmið verði sem sterkust inni þessum viðræðum sem eru framundan og það muni koma mun betur út að við komum þá sameinaðar inn i þetta og út úr því líka ef að það gengur ekki. Og við lítum á þetta sem mjög sérstakt tækifæri í íslenskum stjórnámum til þess að koma kvenfrelsissjónarmiðum að og konum í sterku stjórnmálaaftli.

Jóhanna Vigdís: En nú blasir við að sérstaða flokksins yrði þá ekki lengur, yrði þá ekki lengur fyrir hendi, þingflokkurinn er klofin í sinni afstöðu, býstu við úrsögnum úr Kvennalistanum núna á þessu stigi?

Guðný Guðbjörnsdóttir: Það er alls ekki hægt, það er of snemmt segja nokkuð á þessu stigi málsins, en það voru ekki nema 2, 3 konur sem orðuðu eitthvað slikt á fundinum í dag og það er bara alltof snemmt að segja það. Og ég held að þetta, þetta er svona ákveðin frelsun held ég og þú talaðir um að það væru, hefðu verið mjög skiptar skoðanir, það voru i raun og veru bara 2 tillögur til umræðu, önnur var sú að samþykka samþykkt samráðs frá því i ágúst, þ.e.a.s. yrði bara hópur sem tæki þátt í þessum viðræðum og hin sú að það væri Kvennalistinn í heild. Þannig að skoðanir voru nú ekki mikil skiptari en það að öðru leyti erum við allar sammála um það að halda áfram kvennabaráttu í grásrotinni.

Jóhanna Vigdís: Þær sem að í rauninni eru á móti því að fara út í þessar viðræður voru ansi harðordar í dag og m.a. var talað um úrelt gamaldags örþrifaráð, hvað finnst þér um þessi ummæli?

Guðný Guðbjörnsdóttir: Ég upplifði þetta sem algjör timamót í íslenskum stjórnámum, þessi tækifæri núna, hugsanlega til

*pess að skapa nýtt og sterkt félagshygjuafl og ég tel að það geti verið mjög mikilvægt að Kvennalistinn komi þar inni samanber t.d. Reykjavíkurlistann í Reykjavík, einmitt til þess að við komum uppúr þessum hefðbundnu A-flokka hjólförum og það verði til nýtt afsl sem að Kvennalistinn hefur þá áhrif á að móta.*

*Jóhanna Vigdís: En hvað með þingflokkinn þá núna á næstu dögum, nú eru þið þrjár allar á öndverðum meiði?*

*Guðný Guðbjörnsdóttir: Ég held að það sé mjög eðlilegt að þingflokkurinn endurspeglar hreyfinguna að einhverju leyti, það er mikill meirihluti fyrir þessari tillögu meðal virkra Kvennalistakvenna og ég á ekki von á því að það verði neitt vandamál. Þetta er búið að vera svona í allt haust og við bara vitum af því og, þannig að ég hef engar sérstakar áhyggjur af því. Við störfum allar samkvæmt stefnuskrá Kvennalistans og munum gera það áfram.*

Tími: 3:00

Fréttamaður: Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir

---

Ljósvakafréttir eru gefnar út af Miðlun ehf.,  
Tunguhási 19, sími: 580-8080, fax: 580-8087.

[ljosvaki@midlun.is](mailto:ljosvaki@midlun.is) <http://www.midlun.is/fjolmidlavaktin/>



## Ljósvakahandrit 17.11.97

ríkisútværið 12:20

Kvennalistinn getur klofnað.

Þingflokkur Kvennalistans getur þríklofnað á næstu vikum í kjölfar landsfundarins um helgina. Aðeins ein þingkona, Guðný Guðbjörnsdóttir ætlar að taka þátt í samningaviðræðum A-flokkanna. Kristín Halldórsdóttir sat hjá í atkvæðagreiðslu en starfar líklega áfram á þingi fyrir Kvennalistann án þess að taka þátt í viðræðum. Kristín Ástgeirs dóttir bendir á enn einn möguleika að ganga úr samtökunum og starfa óháð á þingi.

Staðan í þingflokkri Kvennalistans er nokkuð sérstök eftir samþykkt landsfundar um helgina þar sem ákveðið var að ganga til viðræðna við A-flokkana um sameiginlegt framboð. Vilji meirihluta landsfundarfulltrúa endurspeglast ekki í sömu hlutföllum á þingi.

*Kristín Ástgeirs dóttir, þingkona Kvennalistans: Ja, hann endurspeglast nú ekki í þingflokknum því að það er ein þingkona sem er fylgjandi þessum samningaviðræðum. Önnur er á móti það er að segja ég. Og síðan er sú þriðja sem að sat hjá og hefur lýst því yfir að hún ætli sér ekki að taka þátt í þessu. Þannig að þetta er auðvitað mjög sérkennileg staða.*

Kristín Ástgeirs dóttir segir að nú þurfi að vega og meta hvað hægt sé að gera. Og ekki aðeins fyrir þingflokkinn heldur fyrir Kvennalistann allan. Innan þingfloksins geti margt gerst jafvel geti komið til uppgjörs.

*Kristín Ástgeirs dóttir: Í fyrsta lagi þá getum við auðvitað snúið bökum saman og ja, sætt okkur við vilja meirihlutans og gengið til liðs við þær konur sem að vilja fara út í þetta samstarf og reynt að stuðla að því að það skili þá sem mestum árangri. Nú önnur leið er sú að sitja bara hjá og þrauka út kjörtímabilið og reyna að vinna sitt starf sem allra best inn á þingi og annars staðar. Og þriðji möguleikinn er auðvitað sá bara að ganga út og láta þær þá um þetta. Þá er ég að tala um að ganga út úr þingflokknum og út úr Kvennalistanum. Þetta síðast nefnda er auðvitað mjög alvarleg ákvörðun og þarf auðvitað að ihuga mjög vandlega.*

Kristín reiknar með því að slík ákvörðun yrði þá tekin

sameiginlega af þeim hópi sem er andvígur samstarfi og þá á næstu dögum eða vikum ef af verður. Enda telur hún það ekki sitt einkamál hvort hún er eða fer úr Kvennalistanum. En hópurinn sem Kristín víesar til er úr innsta og kannski fyrsta kjarna Kvennalistans.

*Kristín Ástgeirsdóttir: Ja, þær konur sem við getum kannski kallað sköpuði Kvennalistans og margar þeirra hafa verið fulltrúar, þingkonur, borgarfulltrúar fyrir Kvennalistann á liðnum árum. Þetta eru náttúruleg mjög sterkar konur sem að hafa haft mikil áhrif á stefnu og starf Kvennalistans. Þannig að þetta yrði mikil blóðtaka.*

Tími: 2:35

Fréttamaður: Björg Eva Erlendsdóttir

---

Ljósvakafréttir eru gefnar út af Miðlun ehf.,  
Tunguhálsi 19, simi: 580-8080, fax: 580-8087.

[ljosvaki@midlun.is](mailto:ljosvaki@midlun.is) <http://www.midlun.is/fjolmidlavaktin/>

**RÚV - rás 2**

**Víðsjá 13. nóvember 1997**

**Anna Margrét Sigurðardóttir ræðir við  
Guðrúnu Jónsdóttur um Agnetu Stark.**

Anna M.: Um helgina ætlar Kvennalistinn að halda landsfund sinn að Úlfljótsvatni, en í kvöld verður byrjað að hita upp fyrir landsfundinn með því að dr. Agneta Stark, sem er virtur hagfræðingur við Stokkhólmskóla, ætlar að halda fyrirlestur í Norræna húsinu undir heitinu Jafnréttismenntun landsfeðranna.

Guðrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra þingflokkss Kvennalistans, hvað er átt við? Þarf að setja ríkisstjórnina á jafnréttisnámskeið?

Guðrún. Ja, það álíta að minnsta kosti Svía. Þeir hafa gert myndarlegt átak til þess að mennta sína topppolítíkusa um jafnréttissjónarmið. Þeir hafa gengið miklu lengra en við í að samþætta þessi sjónarmið allri hefðbundinni stjórnun og ákvarðanatöku og slík samþætting byggist á því að fólk sé vel meðvitað um að staða kynjanna sé ólik á flestum sviðum.

Anna M.: Og þessi Agneta Stark hún hefur einmitt staðið fyrir þessum námskeiðum eða þessari fræðslu.

Guðrún: Það var Mona Sahlin sem vissi að þetta yrði að gerast til þess að ráðamenn myndu taka upplýstar ákvarðanir og hún fékk Agnetu Stark til þess að standa fyrir svona námskeiðum og Agneta hefur m.a. tekið (Ingvar) Göran Persson forsætisráðherra Svía og restina af sánsku ríkisstjórninni á svona námskeið. Við höldum kannski að það yrði ekki verra fyrir okkar landsfeður að fá svona fræðslu lika.

Anna M.: Og hún ætlar að segja semsé að einhverju leyti frá þessari reynslu sinni þarna í kvöld.

Guðrún: Já, hún ætlar að gera það og lika ætlar hún að fræða okkur um þessa sánsku samþættingu, bæði kosti hennar og galla.

Anna M.: Þetta tengist auðvitað þessari umræðu sem er í gangi í Kvennalistanum og viðar um nýjar leiðir í jafnréttisbaráttunni.

Guðrún: Já. Við höfum ákveðið það innan Kvennalistans að í bili munum við leggja áherslu á það sem okkur finnst þurfa til þess að þessi samþætting geti orðið að veruleika hér og Kristín Halldórsdóttir hefur ásamt meðflutningsmönnum úr öllum flokkum lagt fram fyrsta frumvarpið um samþættingu á Íslandi og því frumvarpi þarf að fylgja eftir með ýmsum hætti. Það ætlum við að gera. Eitt af því er að tryggja þá þekkingu sem þarf til. Það þarf líka ýmis nothæf verkfæri. Þar er náttúrlega stefnuskrá Kvennalistans alveg ljómandi gott verkfæri. En við myndum líka vilja gjörbreyta jafnréttislöggjöfinni, þannig að hún yrði virkt stjórntæki, og það er eitt af því sem við ætlum að ræða á landsfundi.

Anna M.: Þetta frumvarp er ekki mjög langt. Ætlarðu að leyfa okkur að heyra hvernig það hljóðar?

Guðrún: Já. Það. Frumvarpið, við skulum sjá. Frumvarpið lætur mjög lítið yfir sér og

hljómar kannski ekkert spennandi, vegna þess að það er viðbót við aðtæl málsgrein 30. gr. l. um þingsköp. Þar bætist nýr liður sem orðast svo: Ennfremur skal fylgja álitinu mat á stöðu kynjanna á viðkomandi sviði og hvaða áhrif ný lög eða ályktun hafi á þá stöðu. Þetta byggir á því að samkvæmt þingsköpum eiga allar nefndir þingsins að láta fylgja með kostnaðarmat ef þær mæla með samþykkt tillögu eða frumvarps. Við viljum að allar nefndir þingsins, ef þær mæla með einhvers konar ákvörðun, þurfi að gera grein fyrir stöðu kynjanna á viðkomandi sviði og hvaða áhrif ákvörðunin muni hafa á þessa stöðu.

Anna M.: Þarna er semsé verið að taka á því að þó svo við eigum í landinu tiltölulega góð jafnréttislög að þá kannski er raunveruleikinn ekki alveg í samræmi við lagasetningarnar?

Guðrún: Nei. Einmitt. Það byggir á því að þingmenn t.d. þurfa að vera mjög vel meðvitaðir um þessa ólíku stöðu þegar þeir skoða mál í nefndum. Þá væri nú líka gott að þeir væru vel menntaðir.

Anna M: Er það þannig núna þegar verið er að ræða mál í þingflokkum og í ríkisstjórminni sem varða beinlínis kannski jafnréttismál, sem náttúrlega flest mál gera þegar upp er staðið, er ekki mikið rætt einmitt um þetta, hvernig staðan er, hvernig hægt er að beita viðkomandi frumvarpi löggjöf til þess að rétta þessa stöðu?

Guðrún: Ja, ef það væri gert þá liti þjóðfélagið allt öðruvísi út en það gerir í dag. Ég hef leyft mér að segja að á Íslandi ríki landlæg kynblinda meðal ráðamanna. Vegna þess að þeir stjórna eins og lýðurinn væri einsleitur, eins og allir byggju við svipaðar aðstæður. Það er hins vegar ekki réttur raunveruleiki vegna þess að kynin búa við afskaplega ólíkar aðstæður í flestum aðstæðum. Til þess er ekki tekið tillit. Og það er þessi vitund sem okkur finnsta að fólk þurfi að fá betri meðvitund um þennan ólika raunveruleika til þess að taka ákvarðanir sem að gagnist í því raunverulega samfélagi sem við búum í.

Anna M: Og við sumsé fáum að heyra svolitið um reynslu Svía af menntun sinna landsfeðra á fyrirlestri Dr. Agnetu Stark í Norræna húsinu í kvöld. Þakka þér fyrir Guðrún Jónsdóttir.

# FJÖLMIÐLAVAKTIN

AUGU OG EYRU ISLENSKS ATVINNULÍFS

Ljósvakahandrit 17.11.97

sjónvarpið 20:00

Kvennalistinn

Formaður Kvenréttindafélags Íslands sagði sig úr Samtökum um kvennalista í dag. Ástæðan er niðurstaða landsfundar Kvennalistans í samfylkingarmálum um helgina einkum og sér í lagi hvernig hún var fengin.

Tvær konur sögðu skilið við samtökin í dag, önnur þeirra er Sigríður Lilly Baldursdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands. Menn bjuggust raunar við því að niðurstaða landsfundar Kvennalistans í samfylkingarmálínu sundraði hópnum. Andstaða Kristínar Ástgeirs dóttur er ljós og var raunar fyrir landsfund þótt hún hafi ekki enn tekið endanlega ákvörðun um áframhaldandi veru í Kvennalistanum. Sigríður Lilly Baldursdóttir staðfesti hins vegar úrsögn sína í samtali við fréttastofu í kvöld en vísaði að öðru leyti í bréf sitt til samtakanna. Þar gerir hún grein fyrir viðhorfum sínum til Kvennalistans þegar hún gekk til liðs við hann og hvað sér hafi þótt merkilegast. Vinnubrögðin í samfylkingarmálínu öllu beri hins vegar bott um breytta tíma. Kvennalistinn sé búinn að missa flugið hvað málefnum varðar og eins vinnubrögðin þau séu farin. Athygli vekur að Sigríður Lilly talar um Kvennalistann í þáttíð í bréfi sínu, dæmi um það: "Kvennalistinn var mikilvæg og öflug hreyfing sem hefur markað mikilvæg spor en nú sýnist mér að sannast hafi eina ferðina enn að stuttur líftími er lögmál sem alla jafna gildir í kvennahreyfingu." Í lok bréfsins segir enn fremur orðrétt: "Hópur kvennalistakvenna fer með nafn Kvennalistans með sér í viðræðurnar við flokkana en hann fer ekki með fjöregg hans því það var brotið á landsfundi Kvennalistans við Úlfhljótsvatn í gær. Fjöreggið í þessu tilliti eru vinnubrögð sem Kvennalistinn hefur frá fyrstu tíð tileinkað sér og haldið á lofti." Rétt er að taka fram að 3 konur gengu til liðs við Samtök um kvennalista í dag, 2 þeirra eru raunar fyrrverandi kvennalistakonur sem ganga nú á ný til liðs við samtökin.

Timi: 1:50

Fréttamaður: Þróstur Emilsson

**FJÖLMIDLAVAKTIN**  
**AUGU OG EYRU ÍSLENSKS ATVINNULIFS**

**Ljósvakahandrit 19.11.97**

Sjónvarpið 20:00

Klofningur innan Kvennalista

Nú virðist endanlega staðfest að þingflokkur Samtaka um Kvennalista er klofnn. Kristín Ástgeirs dóttir, þingfloksformaður samtakanna, mun samkvæmt traustum heimildum fréttastofu, segja skilið við samtökin á morgun. Samkvæmt sömu heimildum eru fyrrverandi þingkonur samtakanna og varaþingkonur, einnig á leið út úr Kvennalistanum.

Kristín Ástgeirs dóttir, alþingiskona og þingfloksformaður Samtaka um Kvennalista vildi í kvöld enga yfirlýsingar gefa, aðrar en þær að hún hygðist sitja á Alþingi út kjörtímabilið, það er til vors 1999. Þingflokkur Kvennalistans þingaði nú síðdegis og samkvæmt traustum heimildum fréttastofu var fundurinn býsna dramatískur. Þar tilkynnti Kristín að nú væri komið að leiðarlokum. Ástæðan er ákvörðun landsfundarins í samfylkingarmálum. Afstaða Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, þingkonu, er klár með samfylkingu en afstaða þriðju þingkonu Kvennalistans, Kristínar Halldórsdóttur er óviss. Á fundi þingfloksins í kvöld var einnig María Jóhanna Lárusdóttir, fyrsti varaþingmaður Kvennalista í Reykjavík. Hennar ákvörðun um úrsögn úr Kvennalistanum liggur fyrir og verður lögð fram á morgun. Tvær fyrrverandi þingkonur a.m.k. eru líka á leið úr Kvennalistanum samkvæmt heimildum fréttastofu, þær Anna Ólafsdóttir Björnsson og Kristín Einarsdóttir. Eins og við greindum frá í fyrradag sögðu 2 konur sig úr Kvennalistanum strax í kjölfar landfundarins, önnur þeirra er Sigriður Lilly Baldursdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands. Þingfundur hefst á Alþingi klukkan 10:30 í fyrramálið og er tíðinda að vænta þá. Í upphafi fundarins er búist við því að Kristín Ástgeirs dóttir, tilkynni formlega úrsögn sína úr Samtökum um Kvennalista og þar með segir hún skilið við þingflokk Kvennalistans. Kristín verður því utan flokka likt og t.d. Jóhanna Sigurðardóttir, sem sagði sig úr Alþýðufloknum haustið '94, og var utan flokka á Alþingi fram yfir alþingiskosningar vorið '95. Sjónvarpað verður beint frá þingfundi Alþingis í fyrramálið og hefst útsending klukkan 10:30.



## Ljósvakahandrit 19.11.97

Ríkisútvarpið 19:00

Konur segja skilið við Kvennalistann

Það er nú ljóst að Kvennalistinn hefur klofnað. Áhrifakonur hafa sagt skilið við samtökin og búist er við frekari tíðindum úr þingflokknum á morgun.

Samþykktin á Úlfliðótsvatni um síðustu helgi hefur leitt til þess að klofningur í Kvennalistanum er staðfestur. Margar Kvennalistakonur geta ekki hugsað sér að fylgja samfylkingu vinstri manna og vilja sumar frekar kveðja. Það hafa 6 konur þegar gert, þeirra meðal Anna Ólafsdóttir Björnsson, fyrrverandi þingkona, og síðdegis í dag sagði María Jóhanna Lárusdóttir, varapringkona, skilið við Kvennalistann en hún er meðal stofnenda samtakanna. Hún kvaddi með yfirlýsingum sem færð var til bókar á fundinum. Hún sættir sig ekki við niðurstöðuna á Úlfliðótsvatni.

*Maria Jóhanna Lárusdóttir, varapringkona: Ég tel að með því hafi Kvennalistinn rofið þessa sérstöðu sem að við höfum haft og það frelsi sem við höfum haft, til að skilgreina okkur sjálfar út frá eigin forsendum og við séum gengnar aftur til liðs við þau öfl sem að við eiginlega skoruðum á hólm þegar að við stofnuðum Kvennalista.*

Nú er ljóst að Kvennalistinn hefur klofnað en hvað ber framtíðin í skauti sér, má búast við að þær sem ekki sættu sig við vinstri samfylkingu, leiði leiða til að halda uppi fyrra merki Kvennalistans.

*Maria Jóhanna Lárusdóttir: Ja, ég trúi því að hugsjónir og starfsaðferðir og stefna Kvennalistans, eigi estir sem áður einhvers staðar að skjóta upp kollinum. Þetta var mjög merkilegt starf. Það bar árangur og ég veit að frækornin eru að spíra viðar um veröldina, ekki bara á Íslandi, heldur viða og ég trúi því að það gerist en það gerist ekki inní Krataflokkunum á Íslandi, því ég get lofað þér.*

Frá upphafi hef ég tekið þátt í móta hugmyndafræði okkar og stefnu og ætíð verið stolt af því að vera Kvennalistakona. Ég treysti mér hins vegar ekki lengur til að vera málsvari samtakanna og segi mig hér með úr Kvennalistanum. Þannig lýkur bókun Mariu Jóhönnu Lárusdóttur. Klofningur er í

sjálfum þingflokknum. Kristín Ástgeirs dóttir fór í dag á fund forseta Alþingis, væntanlega til að ræða stöðu sína. Hún sættir sig ekki við þá leið sem Guðný Guðbjörnsdóttir, er harður málsvari fyrir, og eru horfur á að til tíðinda dragi strax á morgun. Þannig er að staðfestast klofningur Kvennalistans sem fyrst fékk kjörna fulltrúa á þing árið 1983.

*Maria Jóhanna Lárusdóttir. En við kvöddust nú hérna með virktum og faðmlögum hérna áðan og það er síður en svo að við getum ekki talað saman. En ég harma það að við skyldum ekki getað fundið einhverja leið til þess að starfa saman áfram. Kannski verður það einhvern tímann, ég ætla ekkert að útiloka það. Þetta eru miklar ágætiskonur.*

*Óðinn Jónsson: En þú gekkst út af þingflokkssundi Kvennalistans og lokaðir á eftir þér?*

*Maria Jóhanna Lárusdóttir. Ég gerði það já.*

Tími: 2:50

Fréttamaður: Óðinn Jónsson

---

Ljósvakafréttir eru gefnar út af Miðlun ehf.,  
Tunguhálsi 19, simi: 580-8080, fax: 580-8087.

[ljosvaki@midlun.is](mailto:ljosvaki@midlun.is) <http://www.midlun.is/fjolmidlavaktin/>



Ljósvakahandrit 19.11.97

Stöð 2 19:30

Segja sig úr Kvennalistanum

Anna Ólafsdóttir Björnsson, fyrrverandi þingmaður Kvennalistans og María Jóhanna Lárusdóttir, varaþingmaður sögðu sig báðar úr samtökunum í dag. Þær segja úrsögnina fylgja í kjölfar niðurstöðu Landsfundar Kvennalistans þar sem ákveðið var að ganga til samstarfs á vinstri vængnum.

Bæði Anna og María Jóhanna sögðust hafa tekið ákvörðun um að segja sig úr Kvennalistanum eftir að stór hluti kvenna innan samtakanna ákvað að leggja á það áherslu bæði fyrir landsfundinn og á landsfundinum að taka þátt í sameiningarviðræðum á vinstri vængnum. Ákvörðun um úrsögn hafi því ekki verið tekin á einum degi heldur hafi þær brætt hana með sér að undanförnu. Báðar segja þó að samþykkt landsfundarins um samstarf við flokka á vinstri vængnum hafi vegið þyngst. María Jóhanna, sem hefur verið varaþingmaður Kvennalistans undanfarin 4 ár, afhenti þingflokk samtakanna úrsögn sína í dag. Hún taldi sig ekki lengur eiga samleið með Kvennalistanum þar sem fyrir lægju breytingar á grundvallarstefnu og hugmyndafræði hans.

*Maria Jóhanna Lárusdóttir, varaþingmaður Kvennalistans:  
Ég lit svo á að þessi ákvörðun sem var tekin á Úlfljótsvatni  
um að hefja viðræður við félagshygguöflin, Alþýðuflokk,  
Alþýðubandalag og einhverja aðra óháða, sé i rauninni  
algjört brot á okkar grundvallarhugmyndum og hugsjónum í  
Kvennalistanum og við séum þar með búnar að afneita þeirri  
sérstöðu sem við töldum okkur hafa með því að ganga  
eiginlega á hólm við þessi öfl sem þarna á að fara að mæta til  
viðræðu við.*

Anna Ólafsdóttir Björnsson var þingmaður Kvennalistans í 6 ár eða frá 1989 til 1995. Anna segir úrsögnina erfiða en að hún hafi þó verið nauðsynleg þar sem hún taldi sig ekki geta sætt sig lengur við þær leiðir sem Kvennalistinn hyggst fara á næstunni. Kristín Einarsdóttir og Kristín Ástgeirs dóttir eru báðar að íhuga úrsögn úr Kvennalistanum af sömu ástæðu og er búist við yfirlýsing frá þeim í lok þessarar viku.



## Ljósvakahandrit 20.11.97

bylgjan 12:00

Kristín Ástgeirs dóttir segir sig úr Kvennlistanum.

Kristín Ástgeirs dóttir, þingkona Kvennalista tilkynnti úrsögn sína úr þingflokknum við upphaf þingfundar í morgun. Kristín ætlar að segja sig úr samtökum um Kvennalista síðar í dag.

*Kristín Ástgeirs dóttir, þingkona Kvennalista talar frá Alþingi:  
Hæstvirtur forseti. Eg kveð mér hljóðs til að tilkynna þingheimi að ég hef sagt mig úr þingflokkni samtaka um Kvennalista.*

Kristín Ástgeirs dóttir er ein af frumkvöðlum samtaka um Kvennalista og var í hópi þeirra sem settust niður árið 1981 til að ræða hvort sérframboð kvenna til sveitarstjórnar og síðar til Alþingis væri fær leið til auka hlut kvenna í stjórnmalum. Kvennalistinn hefur átt fulltrúa á Alþingi í 14 ár og hefur Kristín setið á þingi fyrir Reykjavík í 6 1/2 ár. Hún sagði samstarfið þingmenn stjórnarandstöðu hafa verið gott og mun halda áfram að tilheyra stjórnarandstöðunni þrátt fyrir úrsögn.

*Kristín Ástgeirs dóttir: Það er mér þungbært að ganga út úr húsi Kvennalistans eftir svo langa sambúð en það er um leið mikill léttir að ljúka þessum kafla lífs míns eftir erfitt lokaskeið. Ég hef eitt ómældum tíma og orku í starf mitt innan Kvennalistans og það hefur oft kostað persónulegar fórnir. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að vandlega ihuguðu máli að ég eigi ekki annarra kosta völ en að segja skilið við Kvennalistann.*

Ástæða úrsagnar Kristínar er sú ákvörðun Kvennalistans að stilla sér upp við hlið svokallaðra vinstri flokka í þeim viðræðum sem fram undan eru um málefagnagrudvöll.

*Kristín Ástgeirs dóttir: Meirihluti fulltrúa á landsfundi Kvennalistans um síðustu helgi samþykkti grundvallarstefnubreytingu sem ég er ósátt við. Hún er að minum dómi söguleg mistök. Fundurinn samþykkti að stilla sér upp við hlið svokallaðra vinstri flokka í þeim viðræðum sem framundan eru um málefagnagrundvöll. Það er sjálfsagt að einstaklingar innan Kvennalistans gangi til liðs við gömlu flokkana kjósi þeir það en það er ekki réttlætanlegt að minum dómi að draga heila hreyfingu sem saman stendur af konum*

úr ýmsum áttum og með mismunandi lífsskoðanir inn í bandalag þeirra flokka sem nú skilgreina sig til vinstri hvað sem það svo þýðir. Sá Kvennalisti sem ég var kjörin fulltrúi fyrir er ekki lengur til. Ég kýs því að vinna áfram að bættri stöðu kvenna utan flokka á þeim grunni sem ég var kjörin til hvað sem síðar verður. Hæstvirtur forseti nú á ég mig sjálf.

Það er Anna Ólafsdóttir Björnsson, fyrrverandi þingkona og María Jóhanna Lárusdóttir varaþingkona hafa einnig sagt sig úr samtökum um Kvennalista en Kristín mun síðar í dag segja sig formlega úr samtökunum.

Tími: 2:30

Fréttamaður: Hulda Gunnarsdóttir

---

Ljósvakafréttir eru gefnar út af Miðlun ehf.,  
Tunguhálsi 19, sími: 580-8080, fax: 580-8087.

[ljosvaki@midlun.is](mailto:ljosvaki@midlun.is) <http://www.midlun.is/fjolmidlavaktin/>

Ljósvakahandrit 20.11.97

Ríkisútvaprið 19:00

### Úrsagnir úr Kvennalistanum

Guðný Guðbjörnsdóttir, þingkona Kvennalistans segir að úrsagnir úr samtökunum séu ótímabærar. Hún harmar að Kristín Ástgeirdsdóttir hafi sagt skilið við samtökin en segir að þeirri ákvörðun fylgi jafnframt léttir fyrir alla viðkomandi.

*Kristín Ástgeirdsdóttir, alþingismaður: Sá Kvennalisti sem ég var kjörin fulltrúi fyrir er ekki lengur til. Ég kys því að vinna áfram að bættri stöðu kvenna utan flokka á þeim grunni sem ég var kjörin til hvað sem síðar verður. Hæstvirtur forseti, nú á ég mig sjálf.*

Guðný Guðbjörnsdóttir, harmar úrsögn Kristínar Ástgeirdsdóttur en segir jafnframt að öllum viðkomandi létti nokkuð og andrúmsloftið hreinsist.

*Guðný Guðbjörnsdóttir, alþingismaður: Það er ekki þægilegt að vera í samstarfi ef það er eilíflega verið að hóta eða fólk er ekki alveg með á hreinu hvar maður hefur hinn náungann.*

Það hafa lengi staðið átök innan Kvennalistans um það hvert stefna eigi. Kergja í samskiptum og trúnaðarbrestur leiddi að lokum til klofnings í samtökunum. Þær Guðný

Guðbjörnsdóttir og Kristín Ástgeirdsdóttir gátu ekki unnið lengur saman. Þriðja þingkonan, Kristín Halldórsdóttir, hefur reynt að miðla málum en situr nú eftir með Guðnýju Guðbjörnsdóttur í tveggja kvenna þingflokkki. Guðný óttast ekki frekari sundrungu samtakanna. Nýjar konur gangi til liðs við þær og þá stefnu sem samþykkt var á Úlfhljótsvatni. Guðný leggur ríka áherslu á að reynt verði til þrautar að ná samstöðu með samfylkingu vinstri manna.

*Guðný Guðbjörnsdóttir: Og ég tel að þessar úrsagnir séu ótímabærar, því að i raun og veru það getur allt skeð i þessum viðræðum, ekki síst á milli A-flokkanna og þá komum við til með að taka ákvörðun á okkar næsta landsfundi hver framtíðin verður.*

Kristínar Ástgeirdsdóttur bíður erfitt hlutskipti á Alþingi. Hún verður ein og utan flokka en nýtur mikillar reynslu sinnar og velvilja í öðrum flokkum. Sighvatur Björgvinsson, formaður

Alþýðufloksins segir jákvætt hversu skýra stefnu þær hafa Kvennalistakonurnar sem áfram starfa innan samtakanna. Hann óttast ekki að klofningurinn spilli vinstriviðræðunum.

*Sighvatur Björgvinsson, formaður Alþýðufloksins: En ég tel að þetta hafi engin áhrif á viðræðurnar aðrar heldur en þær að það er auðvitað alveg ljóst að þær konur sem mæta þar af hálfa Kvennalistans hafa mjög skýrt umboð og mjög skýrt markmið með þeim viðræðum, sama markmið eins og við í Alþýðufloknum höfum, að vilja leita leiða til þess að mynda sameiginlegt framboð.*

Magrét Frímannsdóttir, formaður Alþýðubandalagsins er í frii á Kúbu og það vill svo til að Steingrímur J. Sigfússon er líka staddur þar en þingfloksformaðurinn Svavar Gestsson hlýddi á kveðju Kristínar Ástgeirsdóttur og fannst hún standa sig vel. En Svavar segir óvist að þessir atburðir hafi áhrif á viðræður um samfylkingu vinstrimanna.

*Svavar Gestsson: Og ég bendi á það að við ætlum að gera þessi mál upp á okkar landsfund, það er nú bara í júni nk. eða júlí i síðasta lagi, eitthvað svoleiðis, og það getur auðvitað vel verið að þá gerist einhver tiðindi sem að kannski tengist því sem að hér var að gerast í dag. Um það veit enginn og ég er ekki að spá neinu um það.*

Óðinn Jónsson fjallar nánar um viðbrögð við klofningi Kvennalistans í Fréttaukanum Hér og nú í fyrramálið.

Tími: 3:15

Fréttamaður: Óðinn Jónsson

---

Ljósvalafréttir eru gefnar út af Miðlun ehf.,  
Tunguhálsi 19, simi: 580-8080, fax: 580-8087.

[ljosvaki@midlun.is](mailto:ljosvaki@midlun.is) <http://www.midlun.is/fjolmidlavaktin/>

**FJÖLMÍDLAVAKTIN**  
**AUGU OG EYRU ÍSLENSKS ATVINNULÍFS**

Ljósvakahandrit 20.11.97

ríkisútværið 12:20

Kristín Ástgeirdóttir segir sig úr Kvennalista.

Kristín Ástgeirdóttir kvaddi sér hljóðs í upphafi þingfundar á Alþingi í morgun og greindi frá því að hún hefði sagt skilið við Kvennalistann. Hún segir að þátttaka Kvennalista í samfylkingu vinstri manna séu söguleg mistök og ætlar að starfa utan flokka í stjórnarandstöðu.

Það var ljóst í gær að Kristín Ástgeirdóttir hefði sagt skilið við Kvennalistann en hún vildi fá að greina frá því formlega og opinberlega við upphaf þingfundar á Alþingi.

*Kristín Ástgeirdóttir, þingkona Kvennalistans talar frá Alþingi: Hæstvirtur forseti, ég kveð mér hljóðs til að tilkynna þingheimi að ég hef sagt mig úr þingflokkum samtaka um Kvennalista.*

Kristín Ástgeirdóttir er andvíg þáttöku í samfylkingu vinstri manna en hún segist ætla að starfa utan flokka í stjórnarandstöðu. Kristín segir að það sé þungbært að ganga út úr húsi Kvennalistans en að samþykktin á Úlfljótsvatni um síðustu helgi hafi verið söguleg mistök.

*Kristín Ástgeirdóttir: Ég treysti mér ekki til að tala máli þessa nýja meirihluta og ég get ekki setið hjá. Það er ekki minn still. Sá Kvennalisti sem ég var kjörin fulltrúi fyrir er ekki lengur til. Ég kys því að vinna áfram að bættri stöðu kvenna utan flokka á þeim grunni sem ég var kjörin til hvað sem síðar verður. Hæstvirtur forseti nú á ég mig sjálf.*

Eftir tilkynningu Kristínar Ástgeirdóttur hófst utandagsskrárumræða um framkvæmda ríkisstjórnar á jafnréttislögunum. Málshefjandi var Guðný Guðbjörnsdóttir. Hún tók fram í upphafi mál sín að fyrir löngu hefði verið beðið um umræðuna og að það væri tilviljun að hún kæmi í kjölfar yfirlýsingar Kristína Ástgeirdóttur. Í umræðunum kom fram að þeir hafa allir ráðherrarnir að ráðherra jafnréttismála frátöldum brotið ákvæði laganna þess efnis að gæta skuli jafnréttis við tilnefningar og skipan nefnda og stjórna á vegum ríkisins. Davíð Oddsson, forsætisráðherra lofar betrun.

*Davið Oddsson, forsætisráðherra (D) talar frá Alþingi: Af þessu gefnu tilefni fyrirspurnar þingmannsins að þá verður auðvitað sérstaklega áréttar við ráðuneytið að þetta ákvæði sé til staðar og það ber að virða það eins og önnur lagaákvæði eftir því sem að frekast er unnt.*

Ráðherra jafnréttismála er Páll Pétursson. Hann segist hafa minnt önnur ráðuneyti á umrædda lagagrein og að tilnefndar skuli jafnt konur og karlar. Og af gefnu tilefni í umræðunni sagði jafnréttismálaráðherrann þetta:

*Páll Pétursson, jafréttismálaráðherra og félagsmálaráðherra (B) talar frá Alþingi: Ég er ekki meðvituð kona. Bara svo að það sé hreint. Ég er hins vegar meðvitaður jafnrétti og ég reyni að hafa það i huga þegar að ég er að skipa i nefndir.*

En betur má ef duga skal segir málshefjandi.

*Guðný Guðbjörnsdóttir, þingkona Kvennalista talar frá Alþingi: Þessi umræða hún sýnir mjög glöggjt veikleika nágildandi jafnréttislaga og veikleikana í framkvæmd þeirra. Eina ráðuneytið sem almennt virðist fara eftir þessari grein sem hér er til umræðu er jafnréttisráðuneytið sjálft. En lítil merki eru um það að önnur ráðuneyti virði þetta ákvæði jafnréttislaga.*

Þetta var Guðný Guðbjörnsdóttir sem nú situr í tveggja kvenna þingflokk ásamt Kristínu Halldórsdóttur.

Tími: 3:00

Fréttamaður: Óðinn Jónsson

”

Ljósvakafréttir eru gefnar út af Miðlun ehf.,  
Tunguhálsi 19, sími: 580-8080, fax: 580-8087.

[ljosvaki@midlun.is](mailto:ljosvaki@midlun.is) <http://www.midlun.is/fjolmidlavakin/>



## Ljósvakahandrit 20.11.97

Sjónvarpið 20:00

Úrsagnir úr Kvennalista

Kristín Ástgeirdóttir sagði í morgun skilið við Samtök um kvennalista eftir 16 ára veru þar. Kristín mun starfa utan þingflokká út kjörtímabilið. Hún segir ákvörðun landsfundar um þátttöku í viðræðum um samfylkingu á vinstri vængnum söguleg mistök, Kvennalistinn sé í raun ekki lengur til. Óþarfa upphlaup segir Guðný Guðbjörnsdóttir, þingkona.

Eftir tíðindin á þingflokkafundi Kvennalistans í gær kom það í raun fáum á óvart þegar Kristín Ástgeirdóttir, kvaddi sér hljóðs í upphafi þingfundar í morgun.

*Kristín Ástgeirdóttir, alþingismaður (UF): Hæstvirtur forseti, ég kveð mér hljóðs til að tilkynna þingheimi að ég hef sagt mig úr þingflokkí Samtaka um kvennalista.*

Kristín er ein þeirra kvenna sem settust niður fyrir 16 árum til að ræða hvort sérframboð kvenna til sveitarstjórn og síðar alþingiskosninga væri fær leið til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, tryggja að sjónarmið þeirra kæmust að þar sem ráðum er ráðið, fyrst og fremst til þess að breyta áherslum. Kvennalistinn hefur átt fulltrúa á Alþingi í rúmlega 14 ár og hefur haft töluberð áhrif á þeim tíma. Kristín Ástgeirdóttir er nú á sínu öðrum kjörtímabili, hefur setið á þingi í 6 og 1/2 ár og hyggst sitja í full 8 ár, til vors 1999. Hún sagðist hafa átt góða samvinnu við þingmenn stjórnarandstöðu en sagðist gera greinarmun á samvinnu og samruna.

*Kristín Ástgeirdóttir: Það er mér þungbært að ganga út úr húsi Kvennalistans eftir svo langa sambúð, en það er um leið mikill léttir að ljúka þessum kafla lífs míns eftir erfitt lokaskeið. Ég hef eytt ómældum tíma og orku i starf mitt innan Kvennalistans og það hefur oft kostað persónulegar fórnir. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að vandlega ihuguðu máli að ég eigi ekki annarra kosta völ en að segja skilið við Kvennalistann.*

Ég var kosin á þing sem fulltrúi hreyfingar sem var hvorki til hægri né vinstri, bætti Kristín við, hreyfingar sem varð til sem andófsafl gegn gamla flokkakerfinu og vildi umþylta því, ekki samsamast því. Meirihluti landsfundarfulltrúa á Úlfþjótsvatni

samþykkti hins vegar grundvallarstefnugbreytingu sem Kristín sagðist ósátt við og taldi grundvallarmistök.

*Kristín Ástgeirs dóttir: Við sameinuðumst á sinum tíma í kvenningaráttu og hún er hvorki til vinstri né hægri, hvað þá að hún verði skilgreind sem félagshyggja. Ég treysti mér ekki til að tala máli þessa nýja meirihluta og ég get ekki setið hjá. Það er ekki minn stíll. Sá Kvennalisti sem ég var kjörin fulltrúi fyrir er ekki lengur til. Ég kýs því að vinna áfram að bættri stöðu kvenna utan flokka á þeim grunni sem ég var kjörin til hvað sem síðar verður. Hæstvirtur forseti, nú á ég mig sjálf.*

Guðný Guðbjörnsdóttir, önnur tveggja þingkvenna Kvennalista, sagði ákvörðun Kristínar Ástgeirs dóttur vissulega sorgleg tilindi sem og úrsagnir annarra kvenna úr Samtökum um kvennalista. Guðný sagði hins vegar að þetta væri óparfa upphlaup hjá þingkonunni.

*Guðný Guðbjörnsdóttir, alþingismaður: Við höfum aldrei talað um það að leggja Kvennalistann niður. Það form samstarfsins hefur ekkert verið til umræðu ennþá, þannig að minu mati þá á uppgjörið ef eithvað uppgjör er að eiga sér stað þegar niðurstöður þessa málefna grundvallar liggur fyrir. Þess vegna er þetta að minu mati fullkomlega ótímabærar úrsagnir.*

*Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir: Kristín, er þetta óparfa upphlaup hjá þér of fljótt?*

*Kristín Ástgeirs dóttir: Nei, mér finnst nú þetta svar stöllu minnar kannski sýna það sem í ljós hefur komið á undanförnum vikum og mánuðum að það er bara ekki skilningur. Þarna eru tveir hópar eða tvær fylkingar sem að hafa tekist á og það er greinilegt að það er litill skilningur á því sem að við erum að segja. Þetta er grundvallarágreiningur. Það hefur verið tekist á um grundvallarstefnu, það hvort að Kvennalistinn er hreyfing sem að höfðar til sem flestra kvenna og snýst fyrst og fremst um kvenningaráttu eða hvort hann á að stilla sér upp við hlið vinstriflokkanna.*

*Jóhanna: En nú veltur maður óneitanlega um leið fyrir sér mismunandi viðbrögðum ykkar, þín og Kristínar Halldórsdóttur. Þið virðist vera algjörlega á sama máli. Hún ákveður að sitja hjá. Fannst þér rétt að kljúfa þingflokkinn á þessu stigi?*

*Kristín Ástgeirs dóttir: Ja, mér fannst ég ekki eiga annarra kosta völk. Þetta er orðinn langur timi þar sem að nánast öll orka og allur tími hefur farið í innri átök. Ég á ekki mjög langt estir af kjörtímabilinu og mig langar til þess að verja þeim tíma í kvenningaráttu, ekki í eilíf innri átök. Og ég*

náttúrulega hugsaði mig vandlega um og eins og ég sagði í dag, ég treysti mér ekki til þess að vera málsvari þessa meirihluta og þessarar stefnu sem tekin hefur verið upp. Ég get ekki setið og þagað og þá hlýt ég að fara. Nafna min verður að svara fyrir sig.

Jóhanna: En nú er talað um að línr Þær skýrast í vor og þá er nú heilt ár í kosningar. Ef að landsfundur hafnar samstarfi við félagshygguflokkanna ætlar þú þá heim aftur?

Kristín Ástgeirs dóttir: Ég veit auðvitað ekkert hvað framtíðin ber í skauti. Ég er nú nokkuð sannfærð um það að það mun eitthvað koma út úr þessum viðræðum A-flokkanna og annarra sem þar koma að vegna þess einfaldlega að þeir eru búnir að leggja svo mikil undir. Það yrði svo mikil áfall ef að ekkert kæmi út úr þessu. En Kvennalistinn hefur verið að stiga svona ákveðin spor. Hann hefur verið á niðurleid i skoðanakönnun þó það hafi nú reyndar verið nokkuð stabilt undanfarna mánuði.

Jóhanna: En ert þú þá að segja að þú sért hætt í pólitík?

Kristín Ástgeirs dóttir: Ég ætla ekki að losa þér því. Ég veit ekkert eins og ég segi hvað framtíðin ber í skauti og ef það kemur upp einhver spennandi kostur og menn virkilega eru tilbúnir til þess að hugsa um stjórnsmál framtíðarinnar þá vil ég gjarnan vera með í því.

Jóhanna: Kristín Ástgeirs dóttir, þingkona sem átt þig sjálf, takk kærlega fyrir komuna í myndverið.

Tími: 6:00

Fréttamaður: Þróstur Emilsson, Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir

---

Ljósvalkafréttir eru gefnar út af Miðlun ehf.,  
Tunguhálsi 19, sími: 580-8080, fax: 580-8087.

[ljosvaki@midlun.is](mailto:ljosvaki@midlun.is) <http://www.midlun.is/fjolmidlavaktin/>

Ljósvakahandrit 20.11.97

SJÓNVARPIÐ 23:00

Kvennalistinn.

Vond tíðindi koma alltaf á óvart segir Kristín Halldórsdóttir um úrsögn nöfnu sinnar Ástgeirs dóttur úr Kvennalista. Formaður Alþýðufloksins segir úrsagnir kvenna úr samtökunum jákvæðar að því leytí að nú komi Kvennalistinn með skýra stefnu til viðræðna við félaghýggjuöflin.

Ákvörðun Kristínar Ástgeirs dóttur kom hvorki formanni Alþýðufloks né talsmanni Alþýðubandalag á óvart. Formaður Alþýðufloksins segir að tíðindin séu í raun jákvæð fyrir komandi samfylkingarviðræður.

Sighvatur Björgvinsson, formaður Alþýðufloks: Það hafa nú ekki margir einstaklingar sagt sig úr Kvennalistanum en ég sé ekki að þetta hafi neikvæð áhrif. Þetta þýdir það að það liggur alveg fyrir þegar viðræðurnar hefjast af hálfu Kvennalistsins hvert er markmiðið og um það er samstaða. Þær konur sem ekki una markmiði viðræðnanna hafa sagt sig úr Kvennalistanum og það gerir hlutina bara ennþá skýrari heldur en þeir voru. Það er jákvætt þegar að menn setjast niður við samningabord að allir aðilar í þeim samningum viti hvert er markmiðið með viðræðunum.

Það liggur nú fyrir af hálfu Kvannalistsins.

Svavar Gestsson, þingfloksformaður Alþýðubandalags: Málsástæðurnar sem Ástgeirs dóttir bar fyrir sig, það er að segja málefni eru að mörgu leyti vinstri málefni. Þannig að þó að það hafi orðið vik milli vina í þeirra röðum núna í dag, er staðfest hér í dag að þá held ég að það þurfi ekkert endilega að vera í framhaldinu. Þannig að ég held að hérna hafi fólk verið að gera upp mjög erfða sambúðarerfiðleika sem hafa staðið um nokkurt skeid. Ég er þrátt fyrir það ekkert svartsýnn á að menn getu talað sig niður á skynsamlega málefnalega niðurstöðu.

Vond tíðindi koma alltaf á óvart segir Kristín Halldórsdóttir, önnur tveggja þingkvanna samtaka um Kvennalista. Hún segist hins vegar virða afstöðu þeirra sem sagt hafa skilið við samtökin en telur að um ótímabært uppgjör sé að ræða.

Kristín Halldórsdóttir, þingkona Kvennalista: Ég hefði viljað að landsfundur staðfesti niðurstöðu samráðs sem fékkst á fundi kvenna af öllu landinu í ágúst síðast liðnum um það að Kvennalistinn stæði ekki sem heild í þessum viðræðum við A-flokkana en konum væri vitanlega frjálst eða einstaklingum eða hópum innan Kvennalistsins, væri frjálst að leita allra leiða sem þeim sýndist. Þetta sættu stuðningskonur viðræðna við A-flokkana sig ekki við og knúðu fram þessa atkvædagreiðslu. Ég gat ekki stutt það en ég vil heldur ekki leggja Stein í götu þeirra. Mér fannst edlilegast að sitja hjá.

Kristín segist ætla að halda sig til hlés í starfi samtakanna enda ósátt við þá leið sem valin var. Borgarstjóri segir að tíðindin úr herbúðum Kvennalistsins hafi ekki nokkur áhrif á þátttöku samtakanna í R-listanum enda löngu útkljáð með hvaða hætti Kvennalistinn kemur að framboðinu. Það hafi verið gert þegar til hans var stofnað. En hvað með framtíð Kvennalistsins, er hann að líða undir lok?

Ingibjörg Sólrun Gísladóttir, borgarstjóri (R): Það er auðvitað áleitin spurning. Það má segja að það sé svona ýmislegt sem hafi bent til þess þegar við síðustu þingkosningar að Kvennalistinn væri að líða undir lok en mér sýnist að það sé nú heldur betur að færast fjór í leikinn núna. Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem Kvennahreyfingin gengur í gegn

um svona sveiflu. Ég hef nú horft á þetta einu þrisvar sinnum. Það hefur yfirleitt þýtt það að einhverjar hafa farið og nýjar hafa komið og þannig er það bara í hreyfingum, það er eðli þeirra.

Tími: 3:30

Fréttamaður: Þróstur Emilsson

## RÚV - rás 2

Víðsjá 13. nóvember 1997

MARGRÉT BJÖRNSDÓTTIR  
og KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR  
í viðtali við  
Ævar Kjartansson.

Ævar: Við bjóðum ykkur á fimmtudagsfund í Víðsjá. Fundarmenn auk ykkar hlustenda eru Margrét Björnsdóttir, endurmenntunarstjóri í Háskólanum, hún hefur tekið að sér að endurmennta fólk í stórum stíl og Kristín Ástgeirs dóttir, nú veit ég ekki hvort hún er í hópi þeirra sem vill láta kalla sig þingmann eða þingkonu.

Kristín: Þingkonu að sjálfsögðu.

Ævar: Þingkonu að sjálfsögðu, já, þetta vefst nú fyrir mönnum samt en velkomnar stúlkur á fund. Margrét skrifaði grein í tímaritið Nýja sögu þar sem hún leggur orð í belg um framtíð íslenska flokkakerfisins, spryr hvort tiðinda sé að vænta af þeim vettvangi og svarar nú frekar afdráttarlaust. Hún beinlinis setur sig í spámannlegar stellingar og segir að þetta sem hefur verið baráttumál margra upp á síðkastið að sameina flokkana á vinstri kantinum að það takist, það sé bara rétt innan seilingar, eða er ég Margrét að túlka þetta of ákveðið?

Magrét: Nei, nei, þetta er alveg rétt sem þú segir. Ég var á sl. vori beðin um að skrifa grein í Nýja sögu og grein sem heitir Af sjónarholi þannig að þó að þetta sé tímarit sem sagnfræðingar gefa út að þá eru þeir alltaf inni í þessu tímariti með eina grein sem er svona kannski líkari dagblaðagrein heldur en grein í virðulegu sagnfræðitímariti og ég valdi í samráði við ritstjóra blaðsins að skrifa um, eða svara spurningunni hvort tiðinda væri að vænta af íslensku flokkakerfi og ég svara þeirri spurningu afdráttarlaust eins og þú raktir hérla áðan. Það sem ég reyndi að gera í þessari grein sem er nú einar 6-8 bls. var að ég reyndi að taka saman það sem mér fannst vera að gerast varðandi uppstokkun á flokkakerfinu á vinstra kantinum. Og ég byrjaði á því að rekja aðeins söguna, rekja það hvaðan koma þessir eða frá hvaða tíma koma þessir fjórir megin stjórmálflokkar sem eru í dag auk Kvænnalistu og rek það aðeins að það hefur oft verið reynt að stofna flokka, öfluga flokka þeim til höfuðs og ég rek aðeins örlog þessara flokka sem ávallt hafa mátt lúta í lægra haldi fyrir þessum fjórum hefðbundnu flokkum og fer aðeins yfir í það ég telji að valdi því sem ég segi að sé fyrst og fremst aðlögunarhæfni gömlu flokkanna, þeir bæði taka upp mál nýju flokkanna, gera þau að sínum og eins fá til liðs við sig forystumenn úr þessum nýju flokkum eins og við sjáum að er að gerast núna í sambandi við Þjóðvaka, gerðist áður með Borgaraflokkinn, Samtök frjálslyndra og vinstri manna og Þjóðvörn, nú hvað verður um Kvænnalistann er auðvitað óráðið. Og ég spryr að því hvort þessi saga muni ekki bara endurtaka sig ef Þjóðvaki býður ekki fram næst sem allar líkur eru á, rennur hann ekki bara inn í Alþýðuflokkinn og ef Kvænnalistinn býður ekki fram munu þá ekki forystukonur hans sem ekki vilja hætta skipta sér upp á milli A-flokkanna. Og ég reyni að rökstyðja að andrúmsloftið í kringum flokkakerfið

á vinstri kantinum sé annað í dag heldur en áður því þetta er ekki í fyrsta skipti sem menn reyna að sameina þessa flokka og ég hef nú sjálf svona frá árinu 1982-83 tekið þátt í alls konar félagsstarfi sem hafði einmitt þetta að markmiði að fá A-flokkana og stundum var Framsókn með og Kvennaframboð og Kvennalisti til þess að vinna saman bæði í Reykjavíkurborg í borgarstjórnarkosningum varðandi útgáfu á dagblöðum og jafnvel samstarf í þingkosningum en ekki með miklum árangri og síðan fer ég svona yfir það svona sem hefur verið að gerast á undanförnum árum sem styður þessa niðurstöðu mína að menn munu mynda kosningabandalag A-flokkanna, Þjóðvaka og hluta Kvennalistans í næstu kosningum. Og það eru nokkur atriði sem ég tel að skipti þar mestu og eitt er Reykjavíkurlistinn og sigur hans í borgarstjórnarkosningunum 1994, sigur sem við erum að sjá endurspeglast núna í sveitarstjórnarkosningum út um allt land þar sem í flestum helstu kaupstöðum landsins er verið að mynda sameiginlega lista og það virðast vera afskaplega lítil átök um það samstarf og þá sameiningu. Þetta er nánast bara eins og sjálfsagður hlutur og..

Ævar: Þetta er meginvísbinding finnst þér.

Margrét: Þetta er mikil vísbinding. Annað sem ég fer yfir hér það er sigurganga Röskvu í stúdentaráðskosningum í Háskóla Íslands þar sem þeir hafa í 7 sl. ár unnið frækilega sigra á Vöku, samtökum hægri manna sem að mestu leyti ungir sjálfstæðismenn bera uppi og segi einnig frá stofnun Grósku sem er ungt fólk úr vinstri flokkunum nema Framsóknarflokki. Þar er líka áberandi fólk úr Háskólanum sem hefur starfað í Röskvu og við sjáum það núna bæði innan Alþýðuflokkssins og Alþýðubandalaginu að þetta unga fólk úr Röskvu og Grósku er farið að hafa mikil áhrif og var mjög áberandi t.d. á landsfundí Alþýðubandalagsins um síðustu áramót (?). Nú ég rek einnig ýmislegt annað sem er að gerast innan flokkanna sjálfra og ég skrifa þessa grein í summar og það hefur auðvitað margt gerst síðan sem landsmenn hafa fylgst með en ég fullyrði það að það er einhvern veginn allt annað andrúmsloft í kringum þetta og þetta er orðið miklu sjálfsagðara mál þessir samstarfs og sameiningartilburðir og ég tel að, nefni það líka hvernig skoðanakannanir hafi áhrif á það sem er að gerast í stjórnmálum. Ég rek það t.d. hvernig Reykjavíkurlistinn beinlínis varð til vegna þess að það kom í ljós í skoðanakönnunum í byrjun árs 1994 að það var mikill meirihluti í Reykjavík fyrir sameiginlegu framboði en á þeim tíma var andstaða innan flokkanna sjálfra en hún varð að hopa fyrir þessari kröfum almennings sem birtist í skoðanakönnunum og við sjáum, höfum séð í summar voru skoðanakannanir, ég hef nú ekki séð neitt núna í haust, þar sem almenningu var spurður um afstöðu í þingkosningum til sameiginlegs lista þar sem sams konar vilji almennings kom fram.

Ævar: Þannig að þér finnst allt hniga að þessu.

Margrét: Það hnígur allt að þessu. Allt andrúmsloft í kringum þetta hefur breyst óskaplega mikið á þeim 10-15 árum sem ég hef tekið þátt í þessu og ég er í fyrsta skipti alveg sannfærð um að það muni verða einhvers konar kosningabandalag, ég held að þessir flokkar renni ekki endilega saman en sumir þeirra eru nú upphaflega

kosningabandalag eins og t.d. Alþýðubandalagið. Nú það má benda á það að Verkamannaflokkurinn í Bretlandi var kosningabandalag og Sósíalistaflokkurinn í Frakklandi, þetta voru kosningabandalög þannig að ég vil nú ekkert ganga lengra heldur en að fullyrða það að það verði í þingkosningunum 1999 til kosningabandalag þessara flokka. Annars hvet ég fólk til að kaupa þetta tímarit því að það eru margar miklu merkilegri greinar í því heldur en þessi sem ég hef verið að reyna að draga hér saman.

Ævar: Góður sölumaður fyrir Nýja sögu. En nú getur maður sagt á þessum fundi að Margrét Björnsdóttir hafi lokið framsöguræðu og þá er spurning, ja, ég veit ekki hvort ég á að kalla Kristínu Ástgeirsdóttur andmælanda en ég bað þig að koma til þess að gefa okkur álit þitt á spámanninum Margréti Björnsdóttur.

Kristín: Já, Margrét hefur nú oft reynst töluberður spámaður og ég er nú alveg sannfærð um það eins og hún að það á eitthvað eftir að koma út úr allri þessari umræðu og ég hef nú vitnað í fornsögurnar því til sönnunar og sagt að það virðast öll vötn renna til Dýrafjarðar og ég er sammála henni að því leytinu að mér finnst, það er greinilega mjög aukinn þrýstingur í þá veru að reyna að láta eitthvað koma út úr þessari umræðu og svona að eitthvað gerist fyrir næstu kosningar og ef við bara horfum á svona pólitískt ástand í dag þar sem við erum með ríkisstjórn tveggja flokka, Sjálfstæðisflokk og Alþýðuflokks sem virðist..

Ævar: Framsókn.

Kristín: Já, Framsókn, segi ég, Framsókn. Já, það var á síðasta kjörtímabili sem Alþýðuflokkurinn var þarma, að þá stendur þessi ríkisstjórn mjög sterkt að vígi og í raun og veru, menn hljóta að spyrja sig; hvaða möguleika á núverandi stjórnarandstaða til þess að hrista eitthvað upp í þessu eða til þess að komast hugsanlega til valda öðru vísi en að gera eitthvað sérstakt, að það gerist eitthvað nýtt, verði einhver nýr valkostur þarna til. Spurningin er sú; verður hann til og þar vil ég koma kannski að fyrsta punktinum í grein Margrétar sem er seigla flokkakerfisins og hæfileiki þess til þess að aðlagast nýjum hugmyndum og svona því sem, atburðarásinni og þegar maður horfir á söguna og maður horfir lika til annarra landa þá er seiglan og hefðir flokkakerfisins alveg ótrúlega sterkar og eins og kemur fram í greininni og þeir vita sem þekkja nú eitthvað til stjórmálasögu Íslands að þá hafa verið gerðar margar tilraunir til þess að stokka upp kerfið og m.a. Samtök frjálslyndra og vinstri manna sem voru nú upp á sitt besta í kringum 1970 að ein þeirra megin hugmynd var þessi; að sameina vinstri menn, búa til nýjan flokk til að, menn hafa eins og við vitum verið að sundra til að sameina. Þannig að þessi hugmynd sem er mjög klifað á núna að flokkakerfið sé ónýtt, flokkakerfið sé úrelt, hún er orðin, það er mjög gömul umræða og þess vegna hljótum við að spyrja okkur: eru einhver svona veigamikil rök fyrir því að halda að það gerist eitthvað sérstakt núna. Og það, eins og ég segi, ég held að það gerist eitthvað en ég held að tregðan og mismunandi hugmyndir um það hvað á að gera, um hvað á pólitíkin að snúast, hvað er það sem er framundan og líka fortíðin, að ég held að þetta muni nú vefjast fyrir býsna mörgum þannig að sú mynd sem mér finnst langliklegust það er annað hvort þetta sem Margrét nefndi að það verði svona einhvers konar, hvað eigum við að kalla það sáttmáli, eða að það gerist að

hluti Alþýðubandalagsins og hugsanlega hluti Kvennalistans gangi til liðs við Alþýðuflokkinn. Ég held að svona annað tveggja, en mér fannst einmitt landsfundur Alþýðubandalagsins núna sýna að það er óskaplega sterkur vilji til þess að halda floknum saman og þá hljóta menn að trúá því að þar eigi menn margt og mikið sameiginlegt og auðvitað á öll málefnaumræðan eftir að fara fram og þá fer fyrst að reyna á, ef menn ætla í alvöru að taka á málefnum. Og það er kannski ekki hvað síst þar sem mín gagnrýni og mínar efasemdir gagnvart þessari þróun koma inn því að mér finnst þessi umræða eins og hún hefur farið fram, mér finnst hún svo ótrúlega fátækleg. Mér finnst hún svo fátæk af hugmyndum. Mér finnst hún svo klisjukennd og menn tala um þetta að það verði að sameina vinstri menn og jafnaðarmenn og hvað þetta allt saman heitir nú en hvað liggur á bak við og hvað er það sem sameinar í raun og veru og sameina til hvers? Hvað er það sem á að gera? Það finnst mér vera megin spurningin í þessu. Ég ætla nú ekki að fara að blanda Kvennalistanum inn í þetta.

Ævar: Jú, áður en við kannski snúum nánar að þessu og kannski heyrum í Margréti um hvað menn ætla að sameinast eða hvað hún sér fyrir sér að verði sameiningargrundvöllur efnislega en af því að þú nefndir tilhneigingu til að reyna að halda floknum saman í Alþýðubandalaginu og Margrétt sagði áðan að þær af þingkonum Kvennalistans sem vildu vera áfram, ég man ekki hvernig hún orðaði það, ætluðu ekki að gefast upp að þær mundu skipta sér á milli flokkanna.

Kristín: Skipta sér á milli A-flokkanna, já.

Ævar: Hvað ætlið þið að tala um, nú er fundur á morgun.

Kirstín: Margrétt hefur ekki fengist með þeim bónorðum sem við höfum fengið frá Framsóknarflokknum. Það eru ýmsir möguleikar.

Ævar: Ætlið þið að sitja á landsfundi og rífa upp bónorðsbréf og skoða?

Kristín: Það er aldrei að vita. Nei, sko við erum náttúrlega í mjög sérkennilegri og sérstakri stöðu núna Kvennalistinn og sá ágreiningur sem þar er snýst auðvitað um svona megin skilning á því hvað Kvennalistinn er og hvað hann hefur verið að gera og hvaða hugmyndir búa þar að baki. Kvennalistinn er hreyfing sem hefur skilgreint sig sem nýja vídd í íslenskum stjórnámum, hvorki til vinstri né hægri, hefur ekki tekið undir þessar það sem mér finnst vera gamlar og innantómar klisjur og það bara einfaldlega samrýmist ekki að stilla sér upp við hliðina á svokölluðum vinstri flokkum, að mínum dómi, það sem við höfum verið að gera og segja, það samrýmist ekki því en hins vegar geta einstaklingarnir, þeir geta auðvitað í framhaldinu valið sér sína leið.

Ævar: Margrétt, eru þetta bara gamlar innantómar klisjur sem vinstri menn... þurfa þeir ekkert annað fóður til þess að sameinast um?

Margrétt: Mér finnst nú að, ég er algerlega ósammála Kristínu um það að íslenskir vinstri menn eins og ég leyfi mér að skilgreina þá þ.e.a.s. fólk í A-flokkunum og

Kvennalista og Þjóðvaka hafi engar hugmyndir um það hvað það vilji í íslenskum stjórnmálum eða eigi ekkert erindi í íslensk stjórnmál annað en það að sameinast eða ná völdum. Mér finnst nú bara að Kristín sé nú sjálf að fella ansi harðan dóm yfir sjálfri sér. Í þessari grein sem ég skrifaði og rakti hérna aðeins áðan þar tíni ég til svona 8 atriði sem ég tel að menn gætu sameinast um og þau lúta að félagslegu réttlæti, þau lúta að velferðarkerfi sem taka mið af hagsmunum þeirra sem virkilega þurfa á því að halda, um bætt menntakerfi, um bætt siðferði og vinnubrögð í íslenskum stjórnmálum, um jöfnun atkvæðisréttar og margt, margt fleira sem ég tel að íslenskir vinstri menn eins og ég leyfi mér enn þá að kalla þá gætu sameinast um, það hefur líka komið í ljós eins og ég fylgdist mjög vel með því innan Reykjavíkurlistans. Það voru ekki málefnnin og málefnavinnan sem erfiðust voru þegar það sameiningarferli fór af stað heldur miklu frekar ýmsir eða persónulegir hagsmunir ýmissa þeirra sem höfðu beinlínis atvinnu af stjórnmálum eða áttu einhverra beinna hagsmunu að gæta gagnvart flokkunum, þar var tregðan en ekki þegar kom að því að ræða málin. Og ég er alveg sannfærð um það að ef menn fara núna af alvöru eins og Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag hafa báðir ákveðið að fara yfir þau mál sem menn gætu sameinast um þá hef ég engar áhyggjur af því að menn komi ekki upp með góða málefnavaskrá. Því annars væri ég bara að segja að þessir flokkar og þar með ég sjálf ætti ekkert erindi í stjórnmál.

Ævar: En Margrét hvaðan er þrýstingur. Kristín sagði áðan að það væri aukinn þrýstingur að sameinast en hvaðan kemur hann í raun.

Magrét: Hann kemur.. Ég ætla fyrst aðeins að tala um Alþýðuflokkinn, ég hef starfað með honum núna sl. sex ár og ég fullyrði það að innan Alþýðuflokksins, meðal virkra flokksmanna í Alþýðuflokknum er alger eindrægni hvað þetta mál varðar. Við vorum með flokksstjórnarfund um síðustu helgi þar sem Sighvatur Björgvinsson, formaður flokksins lagði fram tillögu um það að hann fengi umboð til þess að fara í þessar viðræður við fulltrúa hinna flokkanna. Það var einn maður sem kvaddi sér hljóðs og hann kvaddi sér einungis hljóðs til þess að segja: við skulum ekkert vera að ræða þetta frekar, við erum hérna öll sammála. Við skulum bara drifa okkur í að greiða um þetta atkvæði og veita Sighvati þetta umboð og það var bara klappað. Og þannig er eindrægnin hvað þetta varðar meðal virkra flokksmanna í Alþýðuflokknum. Nú ég gat ekki betur séð innan Alþýðubandalagsins heldur en að mikill meirihluti þeirra sem voru á landsfundi flokksins um síðustu helgi sé fylgjandi þessu. Nú það kemur í ljós hvernig þetta er innan Kvennalistans, þar eru skoðanir skiptari en þar hefur hópur klofið sig út, hópur virkra kvenna úr Kvennalistanum sem er í þessum viðræðum með okkur. Nú, síðan er það vilji almennings sem birtist í skoðanakönnunum og ég rakti það hérna áðan að ég upplifði það þegar Reykjavíkurlistinn varð til að hann beinlínis varð til í gegnum skoðanakannanir og það er athyglisvert að velta því fyrir sér hvernig skoðanakannanir eru farnar eða hugur almennings er farinn að hafa áhrif á þróun stjórnmála. Við sáum þetta mjög skýrt t.d. í forsetakosningunum. Ég er alveg sannfærð um það að Ólafur Ragnar Grímsson hefði ekki farið í forsetaframboð ef engar skoðanakannanir hefðu verið gerðar.

Ævar: Kristín, hvaðan kemur þessi þrýstingur að þínu viti?

- Margrét: Hann kemur, ég er að segja með þessu; hann kemur frá almenningi sem er í sambandi við þetta virka flokksfólk sem ég var að rekja hér áðan. Það er ekkert óskaplega stór hópur. Þetta virka flokksfólk skynjar anda okkar tíma og þaðan kemur þessi þrýstingur.
- Kristín: Ja, að mínum dómi kemur þrýstingurinn annars vegar utan frá svona héðan og þaðan, bæði frá, við höfum nú séð það að ungt fólk eða hópur ungs fólks hefur verið að beita sér nokkuð í þessari umræðu og hins vegar kemur hann frá svona hluta flokksstofnana. Eins og Margrét segir Alþýðuflokkurinn er nokkuð svona heill í því að vilja halda inn á þessa leið en það eru einstakir þingmenn og fólk sem hefur bæði verið að skrifa og tala um þetta og maður auðvitað verður var við þennan þrýsting. En ég vil koma aftur að þessu með það út á hvað á þetta að ganga og þegar ég er að tala um stjórnsmálin og stjórnsmálahugmyndirnar, sko ég get tekið undir flest sem Margrét setur hér fram í 8 punktum, þetta eru svona spurningar um lýðræði og eitthvað svona óljóst að standa vörð um velferðarkerfið...
- Margrét: Þetta er ekkert óljóst.
- Kristín: Hvernig og hvað og hvers konar velferðarkerfi og hvernig samfélag er það sem við ætlum að skapa. Það eru geysilega miklar breytingar framundan vegna m.a. vegna tæknibreytinga, umhverfismálin eru orðin mál málanna og þau verða mál málanna á næstu öld. Spurningar um lýðræði, um stjórnarhætti, um konur og stöðu þeirra, um stöðu fjölskyldunnar o.s.frv. o.s.frv. Það er svo margt sem þarf að taka afstöðu til, mál sem mér finnst að komist bara aldrei hér inn í umræðuna. Menn einblína hér stöðugt á markaðskerfið.
- Margrét: Ég er alveg sammála Kristínu um það að það eru mörg stór mál sem að sjálfsögðu á eftir að ræða ýmsar tæknilegar útfærslur á.
- Kristín: Það er bara enginn skilningur á þessu Margrét.
- Margrét: Ég er bara ekki sammála þér.
- Ævar: Þarf þá fleiri, Kristín, að þínu viti, þarf þá fleiri farvegi eins og við höfum haft, er það nauðsynlegt til þess að t.d. einhver sér sjónarmið kvenna, það er nú kannski ekki rétt að tala um það þannig..
- Kristín: Ja, ég held að það sé mjög gott fyrir stjórnsmálin og bara fyrir lýðræðislega umræðu að það séu fleiri sjónarmið sem koma fram. Við höfum að vísu, við þekkjum t.d. ef við tökum sánska sósíaldemokrata sem hafa auðvitað haldið uppi mjög öflugri þjóðfélagsumræðu en þeir komast yfirleitt alltaf að samkomulagi. Þetta er samt allt, þetta er orðið svo hefðbundið, það er kannski það sem ég er að reyna að segja, mér finnst þetta allt svo hefðbundið, mér finnst svo skorta framtíðarsýn og einhverja grundvallarumræðu um hugsjónir, hvers konar samfélag er þetta sem menn vilja skapa.

- Ævar: ... svona bleikan graut..
- Kristín: Já, ég get auðvitað ekki leynt því að þegar ég segi þetta þá er ég auðvitað að byggja á minni reynslu. Ég er að byggja á því sem ég hef séð og heyrta á undanförnum árum þar sem mér finnst í raun vera sára, sáralítil munur á þessum hefðbundnu flokkum hvort sem þeir kalla sig til vinstri eða hægri.
- Ævar: Margrét óttast þú ekkert að þetta verði svona grautarbragð af öllu?
- Magrét: Nei, ég hef engar áhyggjur af því. Ég hef miklu meiri áhyggjur af því að næsta öld verði ekki eins og a.m.k. síðari hluti þeirra sem við erum fljótlega að kveðja að íslenskir vinstri menn sitji uppi með það að vera í mörgum flokkum, sundraðir, horfa upp á það að Sjálfstæðisflokkurinn deilir hér og drottnar meira og minna um allt samfélagið og Framsóknarflokkurinn svona til skiptis. Það er þessari stöðu sem ég vil breyta og ég tel og ég er sannfærð um það að ef menn gæfu sér tíma til þess að setjast saman, vinna úr þeim mörgu málum sem þessir flokkar hafa verið að setja fram og vinna úr á síðustu árum að þá geta þeir átt mjög mikið erindi í stjórnmál sameiginlega á næstu öld og einmitt lagt lið þessum stóru spurningum sem Kristín var að varpa hér fram áðan.
- Kristín: Ég held maður eigi miklu frekar að setjast yfir það að smíða eitthvað nýtt, reyna að sameinast um það að smíða eitthvað nýtt, fara í gegnum alla þessa umræðu..
- Magrét: Það er það sem menn ætla að gera.
- Kristín: Nei, þú ert að slá saman, þú ætlar ekkert að breyta þessum stofnunum.
- Magrét: Hvaða stofnunum.
- Kristín: Þetta eru rótgrónar stofnanir. Ég er að tala um Alþýðuflokkinn, ég er að tala um Alþýðubandalagið.
- Magrét: Kristín, þessar stofnanir eru nú ekki..
- Kristín: Þetta er svo gömul klisia með Sjálfstæðisflokkinn. Að hvaða leyti er hann öðru vísí heldur en Alþýðuflokkurinn? Hver var hér í fremstu röð í markaðsvæðingu, einkavæðingu og árásum á velferðarkerfið fyrir aðeins 3 árum? Alþýðuflokkurinn.
- Magrét: Ja, þú getur ekki slegið saman Kristín hérna einkavæðingu og árásum á velferðarkerfið. Það eru allir flokkar á Vesturlöndum að glíma við vaxandi útgjöld í velferðarkerfunum, öfluga sérhagsmunahópa innan velferðarkerfisins sem erfitt er að koma böndum yfir, þetta er ekkert sérmál Alþýðufloksins.
- Ævar: Það er eitt, nú er reyndar klukkan orðin hálfssjö, það var reyndar umræðuefnni sem ég bara hef ekki komist að..

- Margrét: Ég held að menn séu orðnir sammála um þá einkavæðingu sem fram hefur farið.  
Ævar: Já, en það er mjög áberandi síðustu dagana að konur, þú nefndir nú að hópur úr Kvennalista hefðu setið með konum úr Alþýðuflokki og Alþýðubandalagi og rætt um sameiningarmál. Það virðist vera að konur taki þetta dálitið mikið upp á sína arma þessa dagana að stússa í flokkakerfinu. Er þetta mál kvenna, verður þetta mál kvenna?
- Margrét: Ég er ekki viss um það en ég held að konur margar hafi þann svona kost umfram karlmenn að þær eru ekki eins bundnar inn í ríkjandi valdakerfi, þær eiga ekki eins mikilla hagsmuna að gæta, valdakerfið hefur ekki verið þeirra og þess vegna, ég held líka að konur séu miklu praktískari heldur en karlmenn..
- Ævar: Kemur það nú.
- Margrét: Þær sjá hvað þetta valdakerfi og flokkakerfi hefur skilað okkur litlu og þess vegna eru þær frekar tilbúnar að draga það í efa og breyta því ef þörf er á.
- Kristín: Ég held að það sé mikið til í þessu að konur séu kannski tilbúnari til að hugsa sig í gegnum hlutina og að breyta, þær eiga ekki eins mikilla hagsmuna að gæta, alla vega ekki enn sem komið er.
- Ævar: Þær eru frjálsari.
- Kristín: Já, þær eru frjálsari til að koma að þessu en hins vegar skulum við nú ekki gleyma því að það eru nú karlar þarna sem stjórna förinni eins og Sighvatur og fleiri.
- Ævar: Þetta verðum við að láta vera síðustu orð, konur eru praktískari og frjálsari, Margrét Björnsdóttir, Kristín Ástgeirs dóttir, takk fyrir komuna á fimmtudagsfund.

Ljósvakahandrit 15.11.97

SJÓNVARPIÐ - ÞINGSJÁ  
Landsfundur Kvennalistans.

Þingsjá er að þessu sinni helguð landsfundi Kvennalistans sem haldinn er að Úlfþjótsvatni um helgina. Yfirschrift landsfundarins "Er vilji fyrir jafnri stöðu kynjanna á Íslandi" segir e.t.v. meira en mörg orð um þau mál sem hæst ber á landsfundinum. Þingkonur Kvennalistans eru gestir í Þingsjá í dag.

Þróstur Emilsson: Kristín, menn tala um hægagang í jafnréttisbaráttu hér á landi. Við höfum reyndar nokkuð skýra löggjöf í þessum efnum, lög eru eitt og framkvæmd er annað. Hefur þetta í rauninni lítið sem ekkert skilað okkur á þessum árum sem að búið er að berjast hvað harðast í þessu?

Kristín Halldórsdóttir: Það vil ég nú ekki segja við höfum unnið marga stóra og smáa sigra en markinu er ekki náð þ.e.a.s. að jöfn staða kynjana er ekki enn í augsýn verð ég að segja. Þess vegna setjum við upp þennan landsfund á þennan hátt. Við spryrjum um vilja því að það er ekki nóg að setja orð á blað það verður að vera fyrir hendi pólitískur vilji til þess að tryggja framkvæmd laga og ályktana og alþjóða samninga og sáttmála sem íslensk stjórnvöld hafa sannarlega undirritað en efndir verða að fylgja orðum.

Þróstur: Guðný viljinn trauðla fyrir hendi í þessum efnum?

Guðný Guðbjörnsdóttir: Já við erum búin að sjá það nokkuð lengi og erum þess vegna núna virkilega að velta fyrir okkur hvernig við getum komið því þannig fyrir bæði vardandi stefnu og hvernig er hægt að koma þeiri stefnu í framkvæmd en það er alveg ljóst að þessi stefna sem við erum með þessi samþættingaraðferð sem reyndar íslensk stjórnvöld hafa samþykkt bæði í gegnum EES og í gegnum norrænu ráðherranefndina. Hún er ekkert á leiðina í framkvæmd hér a.p.e.v. vera og við erum að velta fyrir okkur á þessum landsfundi hvernig er hægt að útfæra hana en það er alveg ljóst að til þess að það sé hægt þá þarf pólitískan vilja.

Þróstur: Hvar er það helst sem að pottur er brotinn í þessu, er það einhver einn þáttur, einn flokkur, einn geiri sem sker sig úr hvað þetta vardar eða er þetta svona heilt yfir?

Kristín Ástgeirs dóttir: Ég held að það sé nú ekki hægt að benda sérstaklega á neitt eitt svið, það er alveg sama hvort þú lítur á stjórnkerfið, sveitastjórnirnar vinnumarkaðinn í heild. Þar er hlutur kvenna miklu rýrari hjá okkur heldur en hann er t.d. á Norðurlöndunum, það er sama hvort þú lítur t.d. á toppana í stjórnkerfinu, launamuninn og kirkjan ég tel hana nú með. Það er sama hvaða stofnun þú tekur að konur eru ekki á toppnum en málið snýst ekki bara um það heldur líka um það hvernig þær ákvárdanir sem verið er að taka hverju sinni hvort sem það er í efnahagsmálaum eða atvinnumáum eða hvað það er hvernig koma þær ákvárdanir við kynin hvort í sínu lagi. Það er margþekkt úr sögunni að ýmsar ákvárdanir sem eru teknar þær hafa mismunandi áhrif. Menn geta t.d. tekið ákvörðun um einhverja atvinnuuppbryggingu og svo kemur í ljós að hún kannski gjörbreytir aðstæðum t.d. kvenna. Konur missa vinnu eða karlar. En hér á landi og það sjáum við það og reyndar viðar að þetta er allt saman hugsað út frá körlum. Þannig að það sem er auðvitað verið að reyna að gera með þessari hugmyndafræði sem kölluð er mainstreaming og eins og Guðný nefndi er búið að samþykkja viðast hvar í þessum stofnunum

eins og í Evrópusambandinu, Evrópuráðinu og hjá ráðherrum Norðurlandanna að þær ganga út á það að reyna að koma því alls staðar inn að það þurfi að skoða málín út frá sjónarhólum beggja kynja og taka síðan ákvarðanir í ljósi þess. Þannig að menn vití hvað þeir eru að gera og að kynin njóti þá jafnréttis.

Þróstur: Lögin höfum við vissulega, framkvæmdin er eins og menn hafa séð hana, þið talið um að það þurfi að bylta jafnréttislögunum. Hvað eruði nákvæmlega að meina þar?

Kristín Halldórsdóttir: Já við höfum verið að ræða þetta heilmikið að undanförnu og vorum nú meira að segja svo harðar og ákveðnar að við tókum okkur ekki almennilegt sumarfrí því við hittumst, hópur kvænnalistakvenna vikulega í allt sumar og ræddum þessi mál. Við höfum verið t.d. að leika okkur að því að bera saman samkeppnislög og jafnréttislög og það er mjög sláandi samliking vegna þess að samfélagið allt, stjórnvöld, fyrirtæki allir taka mjög mikil mark á samkeppnislögum. Ef að samkeppnisráð segir eitthvað, þetta er ekki í lagi það má ekki vera svona það á að vera svona þá bara hvarflar ekki að mönnum annað en að það þurfi sem sagt að fara eftir þeirri niðurstöðu.

Þróstur: Enda viðurlög þar þegar við tölum um samkeppnislög.

Kristín Halldórsdóttir: Akkúrat. Ef að jafnréttisráð kemst að þeirri niðurstöðu að jafnréttislög hafi verið brotin þá gerist afskaplega lítið vegna þess að það vantar tennurnar í þessa lagasetningu skulum við segja. Við höfum verið að velta fyrir okkur þeim hugmyndum að líkja svolitið eftir lögunum um samkeppnisráð. En það þarf að sækja fram á mjög mörgum svíðum og eitt af því sem við höfum gert er að við leggjum nána til í frumvarpi að breyta þingskaparlögum þannig að alþingismenn séu settir í þá stöðu að verða að skoða stöðu kynjana á því svíði sem verið er að fjalla um hverju sinni þ.e.a.s. ef að nefnd er að afgreiða frá sér lagafrumvarp eða þingsályktunartillögu þá verði að fylgja með áliði nefndarinnar hver er staða kynjana á þessu svíði og mun samþykkt þessa frumvarps eða þessarar tillögu leiða til einhverra breytinga.

Þróstur: Guðný samkeppnisstofnun, samlikingin við hana, við erum að tala um jafnrettisstofnun, hugsanlega nýtt jafnréttisráð og að þetta verði hattur yfir allt bæði framkvæmd laganna, fræðslu o.s.frv. ?

Guðný Guðbjörnsdóttir: Það sem við vildum helst sjá er að þarna sé stofnun sem hefur vald til þess að framfylgja lögunum og þá þarf ákveðið fjármagn að fylgja með. Þetta verið sett ofarlega í forgangslista hjá ríkisstjórum þegar um það er að ræða þannig að þetta verði komi inn í meginstraum stjórnmálanna og þetta komi inn á öll svíðin hvort sem það er heilbrigðismál, menntamál, atvinnumál eða hvað. Þetta verði bara rauður þráður. Ég vil nefna sérstaklega, til að hita upp fyrir landsfund þá fengum við hingað Agnetu Stark til þess að ræða um það hvernig Svíar fóru að því að koma landsfeðrunum á jafnréttisnámskeið. Og hún lagði mjög mikla áherslu á það í sínu erindi að þau fóru þá leið í andstöðu við kvennahreyfinguna sem er skipulögð neðanfrá og mjög mikilvægt að þá er grásrótin til staðar. En að þessu leyti þá fóru Svíar þá leið að byrja að ofan, byrja á því að taka forsætisráðherrann sjálfan á jafnréttisnámskeið og þar með var það mjög eftirsótt hjá öllum hinum að komast á þessi vinsælu námskeið. Ég held að þarna sé akkúrat málid hér, ég er búin að vera að spryrjast eftir framkvæmd nokkra greina jafnréttislaganna og það kemur í ljós að ráðherrar þeir hafa bara upp til hópa nána brotið 12 grein jafnréttislaganna. Ráðherrar í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, sem varðar tilnefningar í nefndir og ráð en helsta undantekningin er jafnréttisráðherrann sjálfur. Hann virðist líta á þetta sem einangraðan málaflokk en jafnréttisráðherrann í ríkisstjórn virðist ekki hafa haft vit á því að benda hinum ráðherrum á það að þeir eiga líka fara að jafnréttislögum. Það er þetta sem er svo mikilvægt að þetta verði ofarlega í forgangslista og þetta fari yfir alla ríkisstjórnina.

Þróstur: Kristín ítrekuð brot á þessari 12 grein maður hefur það oft á tilfinningunni og manni finnst það oft vera þannig að þetta sé svona slagsmál milli kynjana, karlar að berjast við konur og svo öfugt. Er

kannski hugsanlegt að fara þessa sænsku leið og taka menn á námskeið til þess að fá menn ofan af þessum slagsmálum meintum eða raunverulegum?

Kristín Ástgeirsdóttir: Ég veit nú ekki hvort það er rétt að tala beinlínis um slagsmál. Það hafa náttúrulega fyrst og fremst verið konur sem hafa verið að reyna að vekja athygli á sinni stöðu og beita sér fyrir því að breyta henni. Við höfum gert ansi mikil af því kannski að tala hver við aðra en hér á landi höfum við talað miklu minna við karlana og til karlanna. Mér finnst það nú svolítið dæmigert að núna þegar svona er verið að draga karlana meira inn í þetta þeir eru að koma inn í þetta þá fer þetta að snúast um réttarbætur til karlanna þá er farið að vorkenna þeim svolítið á einstaka sviðum þar sem þeir eiga bág. Þar með er ég ekki að segja að þeir eigi ekki að fá réttarbót eins og fæðingarolof og mér finnst karlanefndin hjá jafnréttisráði hafa gert margt merkilegt og er mjög jákvæður þáttur. En hvað þetta vardar með námskeiðin þá held ég að það sé auðvitað mjög gott af því að fara svona ákveðið í gegnum stöðuna og þetta er ekki bara spurningin um stöðu kvenna heldur líka stöðu karla. Ég get nefnt það héð að Hágstofan er nýbuin að gefa út í annað sinn bæklinginn konur og karlar þar sem eru margar mjög athyglisverðar staðreyndir bæði um stöðu kvenna og karla. Ef við bara tökum svona mál eins og sjálfsvíg þar sem að munurinn á milli kvenna og karla er mjög mikill og það eru fyrst og fremst karlmenn sem að svipta sig lífi. Hvað liggur þarna að baki? Þú getur nefnt mismunandi sjúkdóma, þú getur tekið fjölskyldumunstrin og eitt sem er t.d. mest sláandi þegar þú skoðar þann bækling eru ófrjósemisaðgerðir. Frjósemi það að eignast börn er ennþá hér á Íslandi algjörlega á ábyrgð kvenna. Það er svo himinhrópandi. Það er 93% af þeim sem fara í ófrjósemisaðgerðir 93% kvenna, 7% karlar. Þetta er bara eitt dæmi. Þar með er ég að leiða rök að því að til þess að það verði einhverjar raunverulegar breytingar þá þarf vitund og skilning til þess að skapa viljann. Það er kannski þarna sem við eignum ennþá mikil verk að vinna og það er eins og Agneta Stark lýsti því, það er dálitið merkilegt að þeir sem voru erfuðastir á námskeiðunum það voru rektarar háskólanna í Svíþjóð og mér finnst það að mörgu leyti mjög skiljanlegt því að þeir sem eru aldir upp í akademíunni og trúá því að hún sé eitthvert hlutlaust fyrirbæri sem svifur yfir vötnunum og horfir á allt með einhverju vísindalegu hlutleysi, þeir gera sér oft ekki grein fyrir því að þetta er auðvitað einn af stríkturum samfélagsins. Þeir sátu samanbitnir á námskeiðunum en vonandi lærðu þeir nú eitthvað og vonandi hefur nú náðst einhver árangur.

Þróstur: Þarna komum við í rauninni að yfirschrift þessa landsfundar, er vilji fyrir jafnrétinu. Þið eruð nú engir nýgræðingar í pólitík á Íslandi, þið þekkið þessa menn sem sitja við stjórnvölinn þið þekkið menn í æðstu stöðum. Ef þið ættuð að svara því annað hvort eða, er þetta spurning um skort á þekkingu eða er þetta hreinlega viljaleysi?

Kristín Halldórsdóttir: Ég held að það sé rétt að tala um skort á þekkingu og skilningi og viljinn er ekki til staðar að mínu mati. Auðvitað er ekki rétt kannski að segja svoleiðis að hann sé ekki til staðar. En hann er allavega ekki nægilega öflugur, það er ekki vilji fyrir að setja þetta ofarlega á forganglistann þegar um stjórnmál er að ræða. Það er það sem þarf að gera.

Þróstur: Guðný menn líta líka gjarnan til fjölmíðla og umfjöllunar fjölmíðla hvernig þeir taka á málefnum sem hafa verið hengd á konur sérstaklega og málefni sem konur láta sig varða það hefur þó færst til betri vegar á allra síðustu árum hvernig fjölmíðlar hafa hegðað sér eða hvað?

Guðný Guðbjörnsdóttir: Ég sé nú ekki mjög mikil merki þess því miður og við vorum að tala um einstakar stofnanir hér áðan, ég held að Ríkissjónvarpið megi nú verulega huga að sínum málum, yfirmenn í öllum deildum hér eru karlmenn og ég sé þess nú ekki mjög mikil merki að það sé talað jafnmikið við konur og karla eins og jafnréttislög, eða maður skyldi ætla að það væri svona yfirlýstur vilji. En það er bara eitt, þessi viðhorfsbreyting sem alltaf er verið að kalla eftir hún kemur ekki

og til þess að þetta komist í framkvæmd þá þarf virkilega sterkan  
þólitískan vilja og hann er bara ekki til staðar. Það er svo einfalt.  
Þróstur: Væri til bóta um einhvern tiltekinn tíma að setja hreinlega  
einhver ákvæði í lög bara hreinlega að setja kvóra til þess að kippa  
þessu í liðinn á einhverjum x árum, talandi um t.d. hvernig stöður eru  
mannaðar svona toppstöður?

Guðný Guðbjörnsdóttir: Það eru ákvæði í jafnréttislögum um það og það er  
alveg hætt, við höfum bæði þriðju grein jafnréttislaganna um möguleika á  
jákvæðri mismunun eins og það stundum er kallað þannig að lagalega get  
ég ekki annað séð en að það séu fullar heimildir til sliks.

Þróstur: Það er hins vegar mjög auðvelt að fara framhjá því.

Kristín Ástgeirs dóttir: Ef ég má bæta við ég held að þessi ákvæði sem  
lúta að þessu í lögum eru afskaplega veik og það er viða í öðrum löndum  
þar eru kvótar bæði hafa stjórnmálflokkar tekið upp kvóta og það eru  
kvótar í reglum t.d. í Noregi og ég var reyndar að lesa grein um það að  
kvótaglugmyndin nýtur æ meira fylgis víða um heim ég las það meira segja  
í Bangladesh hvað þá annars staðar. Menn sjá það bara að þess að  
jafna þessa stöðu þá þarf ákveðnar aðgerðir og þess vegna eru auðvitað  
kvótar réttlætanlegir og það á að beita þeim að mínum dómi.

Guðný Guðbjörnsdóttir: Þetta kvótaord er svoltið umdeilt og ég held að  
það hugtak sem mest er notað núna er þetta kannski sem við köllum  
sértækari aðgerðir eða formativ action, mér finnst það betra heldur en  
jákvæð mismunun því að sumum konum finnst það niðurlæging og jafnvæld  
körlum finnst það ennþá meiri niðurlæging fyrir konur að það sé notað,  
þannig að ég held að þetta hugtak sértækari aðgerðir sé mjög gott og það  
fer mjög vel saman við t.d. þessa samþættingar eða mainstreaming stefnu  
og t.d. var einmitt verið að úrskurða núna í Evrópuðómstólnum mjög  
merkilegt mál á þessu svíði þar sem það fer saman mainstreaming stefnan  
og þessar sértækuaðgerðir.

Þróstur: Má búast við því Kristín að frá þessum landsfundum sem lýkur  
annað kvöld má búast við því að þið komið með fullskapaðar hugmyndir og  
hugsanlega frumvarp frumvarpsdrög að þessari stofnun sem við komum hér  
að áðan, ja jafnréttisstofnun?

Kristín Halldórsdóttir: Ég veit það nú ekki, við erum miklar átakakonur  
og duglegar en ég er ekki alveg viss um að við komum með fullbúið  
frumvarp. En þessar hugmyndir verða ræddar og það er sérstök, það er  
manneskja í því að vinna þetta mál og ég vona að við sjáum einhverjar  
tillögur sem að geta orðið að frumvarpi innan tíðar.

Þróstur: Annað mál sem óneitanlega kemur nú til umræðu á þessum  
landsfundum það eru samfylkingarmálin, svona kannski örstutt um þau mál.  
Við vitum hver niðurstaðan varð hjá Alþýðubandalagi og Alþýðuflokki þeir  
eru nýbúin að þinga um þessi mál. Þetta er hlutur sem þið ættið að ræða  
líka. Svona ef ég fengi ykkar sjónarmið á þessu í ljósi skilaboðanna sem  
að fengust frá A flokkunum, Kristín?

Kristín Ástgeirs dóttir: Já mér finnst nú að við þurfum að taka okkar  
sjálfstæðu afstöðu til þessa máls óháð því hvað A flokkarnir hafa  
ákveðið. Það er að við svosem jafnóljóst nú sem áður hvað raunverulega  
kemur út úr þessu. Ég ligg ekkert á þeirri skoðun minni að ég er andvíg  
því að Kvennalistinn gangi til samstarfs við A flokkana svokallaða  
vinstriflokk. Ég vil að við fórum að snúa okkur meira að annars konar  
kvennabaráttu, við fórum að skipuleggja kvennabaráttuna upp á nýtt með  
öðrum aðferðum. Ég trúi því að það verði nú áfram konur í stjórnmálum og  
við sjáum það að það eru þegar í hinum flokkunum sem betur fer hafa  
áhuga á kvennabaráttunni þannig að ég held að hún haldi áfram en við  
verðum auðvitað að horfast í augu við það að leið sérframboda kvenna  
virðist vera í lægð í bili hvað sem síðar verður. En ég tel það ekki  
samrýmast hugmyndafræði og því sem Kvennalistinn hefur verið að gera að  
stilla sér upp við hlið vinstriflokkanna. Við erum ekki vinstriflokkur.

Þróstur: Guðný leiðir sérframboda kvenna í lægð, um það vitna t.a.m.  
tölur í skoðanakönnunum, undanfarnar skoðanakannanir segja að fylgið sé  
tiltölulega lítið, þín viðhorf í þessu?

Guðný Guðbjörnsdóttir: Já ég hef haft þau viðhorf og ég held að það sé mjög mikilvægt, það er mjög langt frá því að Kvennalistinn hafi náð sínum markmiðum þ.e.a.s. að hér sé komið jafnrétti kvenna og karla. Ég tel að tíðarandinn hafi breyst tölvert og núna sé sögulegt tækifæri í íslenskum stjórmálum til þess að fá sterka samfylkingu félagshyggufla. Ég tel að það væri mjög misráðið ef að Kvennalistinn notaði ekki þetta tækifæri sem að er til staðar núna og ég hef tekið þátt í hópi kvennalistakvenna sem hefur staðið í viðræðum við fulltrúa hinna flokkanna og ég hef lagt áherslu á það og við talsmenn þessa hóps núna s.l. hálfa mánuð eða mánuð eða svo að við verðum að fá eitthvað fyrir okkar landsfund til þess að geta með góðri samvisku komið með þær tillögur sem við komum með. Hópurinn hefur nú hist nýlega og það er hans niðurstaða að leggja það til að Kvennalistinn í heild standi að því að semja svona malefnagrundvöll til fjögurra ára. Að sjálfsögðu yrðu allar ákvæðanir um framboð teknar á næsta landsfundi Kvennalistans ef til kemur og meginrök míni fyrir þessu að það sé betra að Kvennalistinn í heild geri er annars vegar auðvitað að þá stöndum við þá miklu sterkara að viki í viðræðunum sjálfum og einnig að ef að upp úr þeim slítnar þá stöndum við heilar og getum þá tekið þá ákvörðun saman. Ég er semsagt sannfærð um að þetta er núna leiðin til þess að koma okkar hugmyndum áfram og ég vona svo sannarlega að það verði. En vissulega get ég tekið undir með Kristín að það er auðvitað alltaf þörf á annars konar kvennabaráttu.

Þróstur: En þau kannski rúmast ekki fyllilega og ekki nægjanlega vel innan þessara flokka sem fyrir eru?

Guðný Guðbjörnsdóttir: Ég held, við erum búnar að sérhæfa okkur dálitið mikið í þessum málum og ég held t.d. að þessi mál sem við erum búin að vera að tala um hér í dag eins og þessi samsetningaraðferð, við erum búin að fara mjög vel ofan í þetta, hugsa þessi mál mjög vel og ég held að þau yrðu nokkuð svona trygg í okkar höndum. Þannig að ég er inn á því að þetta sé okkar tækifæri núna til þess að láta reyna á þetta.

Þróstur: Kristín knýjandi þörf á því að halda áfram sérstökum Kvennalista í pólitíkinni?

Kristín Halldórsson: Kvennalistinn kom með alveg nýjar hugmyndir og ný vinnubrögð inn á vettvang íslenskra stjórmálá og mér finnst það mjög alvarleg staða sem að við stöndum frammí fyrir og ég lýsti því nú í minni opnunarræðu á landsfundi í fyrra að við þyftum að skoða allar leiðir mjög vandlega. Ég get nú ekki sagt að ég sjái neitt sterkara ljós í þessum hugmyndum sem að hér hafa verið til umræðu að undanförfu hvað þetta varðar. En ég fer alveg með opnum huga á þennan landsfund og ætla að hlusta á það sem að okkar konur hafa að segja.

Þróstur: En ef þú svarar því fyrir sjálfan þig hvort að í hagsmunum kvenna og einkum og sérlagi þessum málaflokki sem við höfum verið að ræða hérra framan af, er honum betur borgið miðað við núverandi stöðu eða verður honum betur borgið í einhvers konar samfylkingu sameiginlegu framboði og þá erum við að tala um alþingiskosningar komandi?

Kristín Halldórsdóttir: Þeim væri miklu betur borgið í sérstökum Kvennalista vegna þess að við höfum þessi mál efst á forganglistanum. Við höfum algjöra sérstöðu hvað þetta varðar og þessi staða sem nú er komin upp helgast einfaldlega af því að við höfum verið að tapa fylgi og komum illa út úr síðustu kosningum þess vegna höfum við verið að leita leiða og það að við skulum núna vera að tala við þessa flokka, eða hluti af Kvennalistanum skuli hafa verið að tala við Alþýðubandalag,

Alþýðuflokk og Þjóðvaka helgast einfaldlega af því að það er á þeim væng sem er verið að ræða málin. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki sóst eftir okkar kröftum ekki við eftir þeirra heldur ef að út í það er farið og sama má segja um Framsóknarflokkinn. Við höfum hins vegar tekið þátt í samstarfi við alla flokkana, nema síst Sjálfstæðisflokkinn á sveitarstjórnarstigi. Það er ekkert nýtt að Kvennalistinn starfi með flokkum sérstaklega á sveitarstjórnarstiginu. En hvort að þetta er réttu leiðin ég verð að viðurkenna að efasemdir mínar eru miklar og það hefur ekki dregið úr þeim.

Þróstur: Rétt í blálokin má búast við, það er auðvitað eins og í öðrum flokkum þá eru skiptar skoðanir um mál. En má búast við miklum átökum um þennan málaflokk, samfylkingu, sameiginlegt framboð?

Kristín Ástgeirs dóttir: Ég á von á því að það verði mjög svona miklar umræður og vonandi málefnalegar um þessa leið og hvað af henni leiðir og hvaða skilning við höfum á hlutverki Kvennalistans og framtíðarmöguleikum hans. Hvort þetta verða mjög hardar umræður skal ósagt látið og hvaða afleiðingar þær hafa veit ég ekki í dag. Við verðum bara að taka eitt skref í einu og sjá hvað út úr þessu kemur.

Þróstur: Má búast við ef að landsfundurinn gefur þau skilaboð að menn skuli í það minnsta halda áfram þessum viðræðum og ganga þessa götu til enda og sjá hvað út úr því kemur og það verður síðan ofan á. Má búast við að leiðir skilji, má búast við að einhver gangi sár frá slíku málí?

Kristín Ástgeirs dóttir: Eins og ég segi, við skulum bara taka eitt skref í einu og svo skulum við sjá hvað gerist.

Þróstur: Þar með ljúkum við Þingsjánni í dag.

Tími: 27:00

Fréttamaður: Þróstur Emilsson



## Ljósvakahandrit 15.11.97

Ríkisútvarpið 12.20

Byrlega blæs í samfylkingarmálum

Guðný Guðbjörnsdóttir, þingmaður Kvennalistans, segir að byrlega blási í samfylkingarmálum með félagshygguflokkum á landsfundi Kvennalistans, sem haldinn er á Úlfhljótsvatni.

*Guðný Guðbjörnsdóttir, þingmaður Kvenna-listans: Ég held að það sem að ég vildi sjá út úr þessum fundi væri bara einhvers konar að Kvennalistinn i heild myndi ganga til viðræðna um samstarfsgrundvöll til fjögurra ára og síðan er það að sjálfsögðu landsfundar Kvennalistans að taka endanlega afstöðu og það getur auðvitað allt gerst í slikum samræðum, hugsanlega ganga þær ekki og þá tel ég mjög gott að Kvennalistinn i heild geti þá tekið þá afstöðu hvað gerum við þá, þannig að ég vil meina að þetta...geti orðið mikilvægt skref en lokaskrefið verður aldrei stigið fyrr en á næsta landsfundi Kvennalistans sem að hugsanlega yrði flýtt ef að þess væri þörf.*

Segir Guðný Guðbjörnsdóttir. Kristín Ástgeirs dóttir og hópur kvenna á fundinum er mótfallinn samfylkingu með A-flokkunum fyrir þingkosningar 1999..

Tími: 1:40

Fréttamaður: Jóhann Hauksson

„  
Ljósvakafréttir eru gefnar út af Miðlun ehf.,  
Tunguhálsi 19, sími: 580-8080, fax: 580-8087.

[ljosvaki@midlun.is](mailto:ljosvaki@midlun.is) <http://www.midlun.is/fjolmidlavaktin/>